# FRÉTTABLAÐIÐ

5. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. JANÚAR 2016





**Aron Pálmarsson náði ekki að fagna sigri í hundraðasta leik sínum fyrir íslenska karlalandsliðið í handbolta sem fór fram á hans gamla heimavelli í Kaplakrika í gærkvöldi. Aron gaf sér samt góðan tíma eftir leik til að sinna ungum FH-ingum og öðrum sem sóttust eftir eiginhandaráritun eins besta handboltamanns heims.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Brugðist við þrálátum orðrómi um leka

## Skipulagsaðgerðir innan lögreglunnar voru meðal annars gerðar til þess að stokka upp deildir. Grunur leikur á að lögreglumaður hafi fengið greitt fyrir upplýsingar til brotahópa. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu segir að allir yrðu ánægðir með aukið eftirlit.

**LÖGREGLUMÁL** „Það höfðu verið sögusagnir um leka úr fíkniefnadeildinni án þess að vitað væri hverjir ættu hlut að máli. Að sjálfsögðu er brugðist við slíku," segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um mál lögreglumanns úr fíkniefnabrotadeild sem er til skoðunar vegna óeðlilegra tengsla við brotahópa.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að grunur leiki á að maðurinn, sem nú situr í gæsluvarðhaldi, hafi fengið peningagreiðslur fyrir upplýsingar frá embættinu. Sigríður segist ekki geta staðfest það. „Það getur legið alls konar hvati að baki svona málum. Það getur hafa átt sér stað þvingun sem enginn veit af. Það er ekkert sannað á hann og þetta mál er enn bara í rannsókn."

Annar lögreglumaður hefur verið færður til í starfi eftir að grunur vaknaði um leka. Sigríður getur ekki staðfest hvort mál þess lögreglumanns sé einnig í rannsókn hjá ríkissaksóknara

> Þessar aðgerðir síðustu daga sýna að mínu mati að kerfið er að virka. Málin rata á rétta staði.
>
> Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu



né hvort málin tengist beint. „Ríkissaksóknari metur hversu sterkar grunsemdir eru og hvort beri að aðhafast."

Í gær var svo karlmaður, sem ekki starfar hjá lögreglunni, handtekinn í tengslum við málið.

Í tíð Sigríðar hefur verið ráðist í skipulagsaðgerðir innan embættisins. „Við erum að endurskoða margt hjá okkur og erum meðal annars að endurskipuleggja fíkniefnadeildina. Sú vinna hófst rétt eftir að ég var komin til starfa."

Sigríður Björk telur að aðgerðir síðustu daga sýni að kerfið virki. „Málin rata á rétta staði. Við erum með innri endurskoðun sem kemur með skýrslur um einstaka þætti. Síðan er hver yfirmaður með ákveðna eftirlitsskyldu. Traust innan stofnunarinnar skiptir máli um hvort svona mál kemst upp eða ekki." Sigríður Björk segir langvarandi umræðu hafa verið um eftirlit með lögreglu og að allir yrðu ánægðir ef það yrði aukið. **– snæ**

## Buðu ekki í tæp 28 þúsund tonn af eldsneyti

**VIÐSKIPTI** Tvö af stóru olíufélögunum á Íslandi, Olís og N1, skiluðu ekki inn tilboði í öðru eða báðum útboðum við sölu á 27.500 tonnum af eldsneyti til útgerðarfyrirtækja og smábátasjómanna í fyrra.

Í svari til Fréttablaðsins útskýrir Olís ákvörðun sína með því að útboðsskilmálar hafi verið með öllu óaðgengilegir í báðum tilfellum.

Skeljungur tryggði sér viðskiptin í báðum útboðunum sem jafngilda rúmlega 18% af heildarsölu eldsneytis til útgerðarinnar á heilu ári, og taldi alla skilmála útboðsins aðgengilega og eðlilega.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, furðar sig á málinu og spyr um samkeppni á markaðnum í því samhengi. **– shá /** **sjá síðu 16**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Benedikt Jóhannesson skrifar um hernað gegn þjóðinni. 18-20

**SPORT** Nýir leikmenn gætu breytt landslaginu í körfunni. 26

**MENNING** Tugir manna vinna að listsköpun í Garðinum. 32

**LÍFIÐ** Þrettán ára Akureyringur prjónar og saumar þverslaufur. 40-42

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




**Austanátt í dag,** víða hvassviðri eða stormur. Vætusamt á Suður- og Suðausturlandi, slydda eða snjókoma norðaustan til á landinu en úrkomulítið annars staðar. Hiti 1 til 7 stig, en um frostmark norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 30

# Fjármögnun á Ísafirði lokið

**HEILBRIGÐISMÁL** Ísafjarðarbær hefur nú lokið við fjármögnun nýs hjúkrunarheimilis á Ísafirði með útgáfu 1.100 milljóna króna skuldabréfs til lífeyrissjóða til 40 ára á hagstæðum kjörum fyrir bæinn. Grunnur að byggingu hjúkrunarheimilisins var tryggður með 40 ára leigusamningi um húsnæðið milli Ísafjarðarbæjar og velferðarráðuneytisins árið 2011. Hjúkrunarheimilið er með 30 rými og er fyrsta hjúkrunarheimilið á Ísafirði en það verður rekið í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Fjármálafyrirtækið Virðing hafði umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfanna til lífeyrissjóða og Fjármálaráðgjöf Deloitte var ráðgjafi bæjarins í fjármögnunarferlinu. – **jhh**



**Salka stundaði nám í Wales.** MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

# Valin leikskáld Borgarleikhúss

**SAMFÉLAG** Salka Guðmundsdóttir var valin leikskáld Leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu í gær. Vigdís Finnbogadóttir, stjórnarformaður Leikritunarsjóðs, tilkynnti Sölku sem næsta leikskáld leikhússins. Fjögur leikskáld hafa þegar starfað á vegum leikritunarsjóðsins en alls sóttu 39 um starfið.

Salka er þýðandi og leikskáld og stundaði nám í Wales. Meðal verka hennar eru Súldarsker, Hættuför í Huliðsdal og Old Bessastaðir. Hún hefur meðal annars þýtt Emmu eftir Jane Austen og Hver er hræddur við Virginíu Woolf? sem frumsýnt verður á Nýja sviði Borgarleikhússins í næstu viku. – **ngy**

# Haldið heim á leið



*Jólasveinarnir héldu heim til sín í gær, á þrettándanum, í fylgd Grýlu mömmu sinnar. Þeir voru þó meðvitaðir um að í kvöldi heimferðardags léki íslenska landsliðið vináttulandsleik í aðdraganda EM í handbolta. Því ákvað einn mömmustrákurinn að klæða sig upp í tilefni dagsins.* FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

# Gervivesti fyrir flóttamenn

**TYRKLAND** Lögreglan í Tyrklandi segist hafa lagt hald á meira en eitt þúsund gervi-björgunarvesti sem hafi verið ætluð flóttamönnum sem hugðu á för til Grikklands.

Lögreglumenn réðust inn á verkstæði við höfnina í Izmir, þar sem þeir fundu björgunarvestin sem ekki voru fyllt með flotefni eins og nota á í björgunarvesti. Fjórir unnu á verkstæðinu við að framleiða vestin. Þar á meðal voru tvær ungar sýrlenskar stúlkur.

Meira en ein milljón flóttamanna fór yfir Miðjarðarhafið árið 2015. Margir flóttamenn kaupa björgunarvesti til að auka líkur á að þeir lifi af svaðilförina. BBC segir að almennilegt vesti kosti sem samsvarar um 20 þúsund krónum. Margir flóttamenn vilja spara sér peninginn og kaupa verri vesti sem kosta allt niður í 2 þúsund íslenskar krónur. – **jhh**

# Hundaræktendur gefa ekki upp til skatts

**Nokkur tilfelli komu upp á síðasta ári þar sem hundaræktendur gáfu tekjur af ræktun sinni ekki upp til skatts. Ríkisskattstjóri segir umræddar tekjur skattskyldar. Gefur ekki upp hvort mál af þessu tagi séu til rannsóknar hjá sér.**

**SAMFÉLAG** „Almenna reglan er sú að þetta eru skattskyldar tekjur. Við leggjum auðvitað áherslu á að vera í aðgerðum gegn svartri starfsemi af margháttuðum toga,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri um að tekjur hundaræktenda séu skattskyldar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að tekjur hundaræktenda á nýliðnu ári hafi ekki verið gefnar upp til skatts í nokkrum tilfellum. Í umræddum gotum komu þrír til sex hvolpar af kynjunum frönskum bolabítum og pug og var hver hvolpur seldur á 250 þúsund til 350 þúsund krónur. Mörg hundruð þúsunda fengust því fyrir hvert got. Tvö af umræddum gotum voru ekki þau fyrstu sem ræktandinn hafði tekjur af.

Skúli vildi ekki tjá sig um það hvort slík mál væru til rannsóknar hjá ríkisskattstjóra. „Við getum bara ekki greint frá því hvar við erum í aðgerðum eða sagt af eða á um tilteknar atvinnugreinar.“

Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Hundaræktarfélags Íslands, segir félagið ekki skipta sér af því hvort félagsmenn gefi upp tekjur af ræktun sinni til skatts. Hún ætlar þó að flestir félagsmenn gefi tekjur upp til skatts en þó séu undantekningar frá því.

„Svo eru alltaf undantekningar en fólk verður að átta sig á því að það er mjög kostnaðarsamt að vera ræktandi. Eitt got gæti kostað 150.000 til 200.000 krónur með bólusetningu, örmerkingu, tryggingu og fóðurkostnaði. Þá er algengt að tegundir eins og franskir bolabítar þurfi að fara í keisaraskurð sem kostar um hundrað þúsund krónur.“



**Hundaræktarfélags Íslands skiptir sér ekki af því hvort félagsmenn gefi tekjur af ræktun upp til skatts.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Almenna reglan er sú að þetta eru skattskyldar tekjur. Við leggjum auðvitað áherslu á að vera í aðgerðum gegn svartri starfsemi af margháttuðum toga.**
>
> Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri



Fríður Esther segir að flestir félagsmenn stundi hundarækt ekki sem atvinnustarfsemi heldur komi eitt got á ári eða á nokkurra ára fresti og að þá sé ekki um að ræða fjárhæðir sem eru skattskyldar.

„Mín tilfinning er sú að flestir af okkar stærri ræktendum séu með allt uppi á borði.“

nadine@frettabladid.is


# BRIDS SKÓLINN



skráning hafin á vornámskeið ...

**STIG 1 BYRJENDUR**
Hefst 25. janúar : 8 mánudagar frá 20-23

**STIG 4 VÖRNIN**
Hefst 27. janúar: 5 miðvikudagar frá 20-23

- Námskeið skólans eru haldin í Síðumúla 37 í Reykjavík,
- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.



UPPLÝSINGAR OG INNRITUN
898-5427 og bridge.is




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA • 156166

# Álagsgreiðslurnar voru orðnar hluti launanna

**KJARAMÁL** Ekki gefur rétta mynd af sérstakri endurskoðun kjararáðs á launum dómara í lok desember að horfa til launa þeirra fyrir breytingu án þess að taka tillit til álagsgreiðslna sem upphaflega áttu að vera tímabundnar.

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands, segir að sé tekið tillit til heildargreiðslna til dómara eftir ákvörðun kjararáðs í nóvember um almenna 9,3 prósenta afturvirka launahækkun, þá nemi hækkunin eftir endurskoðun ráðsins í desember 7,6 prósentum, ekki tugum prósenta eins og greint hafi verið frá.

Útreikningur Fréttablaðsins 31. desember síðastliðinn miðaði við þær upplýsingar sem fyrir liggja á vef kjararáðs, en þar kemur fram að greiða hafi átt tímabundnar álagsgreiðslur (20 yfirvinnutímaeiningar á mánuði) á tímabilinu frá 1. febrúar 2011 til 31. janúar 2013. Þær greiðslur voru því ekki hafðar með í útreikningi blaðsins.

Skúli segir hins vegar að álagsgreiðslurnar hafi verið orðnar fastar í sessi. Samkvæmt gögnum sem hann sendir blaðinu hafði þeim verið fjölgað um fimmtán frá ákvörðun kjararáðs 2011 og höfðu ekki verið aflagðar.

„Staðreyndin er sú að með þessum úrskurði kjararáðs hækkuðu heildarlaun dómara um nálægt sjö prósent,“ segir hann og bætir við að staðan hafi verið orðin þannig hjá dómurum að hlutfall grunnlauna, af heildarlaunum, hafi verið komið niður fyrir 70 prósent.

„Dómarar voru að fá um það bil einn þriðja af sínum launum í tímabundnum greiðslum og slíkt fyrirkomulag er í raun og veru ekki samræmanlegt sjálfstæði dómsvaldsins,“ segir Skúli. **– óká**

> **Staðreyndin er sú að með þessum úrskurði kjararáðs hækkuðu heildarlaun dómara um nálægt sjö prósent.**
>
> Skúli Magnússon formaður Dómarafélags Íslands



### Laun héraðsdómara

**Eftir 9,3% hækkun í nóvember**

| | |
|---|---|
| Föst laun | 808.331 kr. |
| Einingar | 53 |
| Alls | 1.222.738 kr. |

**Eftir endurskoðun í desember**

| | |
|---|---|
| Föst laun | 1.021.423 kr. |
| Einingar | 33 |
| Alls | 1.316.245 kr. |

## Fjórir nýir sendiherrar

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur skipað fjóra nýja sendiherra. Það eru Harald Aspelund, Helga Hauksdóttir, Ingibjörg Davíðsdóttir og Unnur Orradóttir Ramette. Þetta staðfestir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Harald hefur gegnt stöðu skrifstofustjóra rekstrar og þjónustu utanríkisráðuneytisins, Helga Hauksdóttir mannauðsstjóra ráðuneytisins og Unnur var sendiráðunautur uppbyggingarsjóðs EES hjá ráðuneytinu. Þá hefur Ingibjörg starfað hjá utanríkisþjónustu Íslands. **– ngy**

## Munu rannsaka Símann

**STJÓRNSÝSLA** Póst- og fjarskiptastofnun hyggst með ítarlegum hætti rannsaka hvort Síminn hafi brotið lög með því að hafa beint viðskiptavinum sínum að eigin fjarskiptaneti, Skjá heimi. Það er gert að beiðni Vodafone og stofnað hefur verið sérstakt mál sem snýr að deilu fjarskiptarisanna tveggja.

Þessi ákvörðun var tekin í kjölfar þess að Síminn fór fram á að stofnunin myndi skera úr um hvort þjónustuhættir hjá Vodafone og varða Tímavél og Frelsi teljist til línulegrar eða ólínulegrar myndmiðlunar. Póst- og fjarskiptastofnun tók þó ekki afstöðu til málsins og sagði þessar deilur eiga heima fyrir dómstólum. **– sks**

### LEIÐRÉTT

*Röng mynd birtist með plötudómi plötunnar Mr. Silla, sólóverkefni tónlistarkonunnar Sigurlaugar Gísladóttur, á síðu 25 í gær. Dómnum fylgdi mynd af plötunni Ask the Deep með tónlistarkonunni Sóleyju en að sjálfsögðu átti að fylgja mynd af plötu Mr. Silla. Beðist er afsökunar á þessu.*

# Vilja reglugerð um rafrettur

**WHO hvatti til hertra reglugerða vegna rafretta fyrir einu ári. Engin lög eða reglur eru til um rafrettur á Íslandi. Nikótín og önnur eiturefni mælast í blóði þeirra sem anda að sér gufunni með óbeinum hætti.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrir ári varaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) við útbreiðslu rafretta og hvatti ríki heims til að setja hertar reglugerðir um notkun þeirra. Að auki var mælst til að sömu lög giltu um rafrettur og sígarettur varðandi reykingar á almannafæri. Hins vegar eru engar reglur eða lög um notkun rafretta á Íslandi.

„Það voru sett lög til að vernda fólk fyrir sígarettureyk og því ætti að setja sömu lög við rafrettureyk,“ segir Lára Sigurðardóttir, fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins. „Þar að auki þarf að efla eftirlit með efnunum sem eru í umferð og sölunni. Það er búist við margfaldri aukningu á rafrettunotkun á næstu árum og því er mikilvægt að grípa fljótt inn í.“

Lára er ein átján aðila sem skrifa undir grein í Fréttablaðinu í dag þar sem ýtt er á stjórnvöld að setja lög og reglur um rafrettur vegna skaðlegra áhrifa.

Velferðarráðuneytið vinnur að innleiðingu á nýrri tóbaksvarnatilskipun Evrópusambandsins. Í tilskipuninni er meðal annars að finna ákvæði um rafsígarettur, bann við setja á markað tóbaksvörur með einkennandi bragði og breyttar reglur um viðvörunarmerkingar á tóbaksvörum. Unnið er að frumvarpi og gert ráð fyrir að það verði lagt fram á þessu löggjafarþingi.

„Við vitum vel af tilmælum WHO en það er verið að skoða hvaða leið verði farin. Það er best að segja ekki meira um það mál að sinni,“ segir Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis.

**erlabjorg@frettabladid.is**



**Nikótín og önnur efni í rafrettugufu mælast í blóði þeirra sem anda að sér gufunni með óbeinum hætti. Rafrettur eru þó ekki bannaðar á almenningsstöðum á Íslandi.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það voru sett lög til að vernda fólk fyrir sígarettureyk og því ætti að setja sömu lög við rafrettureyk.**
>
> Lára Sigurðardóttir, fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins



### Þetta er vitað um rafrettur

- Vökvinn sem menn eima með rafrettum er ekki saklaus vatnsgufa heldur inniheldur hann skaðleg efni, t.a.m. krabbameinsvaldandi efni og efni sem geta valdið skemmdum á erfðaefni og frumudauða.
- Nikótíneitrunum af völdum rafrettuvökva fer fjölgandi. Sérstaklega meðal barna undir fimm ára aldri.
- Blóðrannsóknir sýna að nikótín og önnur efni í rafrettugufu mælast í blóði þeirra sem anda að sér gufunni með óbeinum hætti.
- Rannsóknir eru á frumstigi. Of snemmt er að segja til um langtímaafleiðingar.
- Fimmta hvert barn í 10. bekk hefur reykt rafrettu.
- Ekkert eftirlit er með söluaðilum.

### WHO hvetur ríki heims til að setja reglugerðir vegna rafretta

Bannað verði að eima rafrettur innanhúss á almennings- og vinnustöðum.

Tryggt verði að börn og táningar undir lögaldri geti ekki nálgast rafrettur.

Umbúðir rafrettuvökva verði merktar með viðvörun.

Ekki verði viðhöfð opinber ummæli sem halda því fram að rafrettur hafi heilsufarslegan ávinning.

Allar auglýsingar á rafrettum og vökvum í þær verði bannaðar.

Sala á rafrettum sem innihalda bragð af ávöxtum, nammi eða áfengi verði bönnuð þar til sannað hefur verið að þær höfði ekki til barna.

Reykingamönnum skal ráðlagt að nota viðurkenndar reykleysismeðferðir en ekki rafrettur þangað til nægilegar niðurstöður liggja fyrir um öryggi þeirra. Rafrettur eigi einungis að nota í þeim tilfellum þar sem árangur hefur ekki náðst með öðrum nikótíngjöfum í reykleysismeðferð.






# Fjarlægðu viðtal við forstjóra Fáfnis

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur fjarlægt upptöku af viðtali við Steingrím Erlingsson, stofnanda og fyrrverandi forstjóra Fáfnis, af vef sínum. VÍB, eignastýring Íslandsbanka, stóð fyrir fræðslufundi í nóvember árið 2014 þar sem rætt var við Steingrím um Fáfni og vindmylluverkefni sem hann var þá að vinna að.

„Af tillitsemi við hann erum við búin að taka það út,“ segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB. Hann segir að ekki hafi verið haft samband við Steingrím áður en efnið var tekið út.

„Þetta var myndband sem átti meira við á þeim tíma þar sem þetta var tekið upp þar sem verkefnin voru stutt á veg komin og enn þá ný og í rauninni höfum við ekki sérstaka ástæðu til að hafa það enn þá inni,“ bætir hann við. „Við höfum áður tekið út myndbönd sem eru orðin gömul og úrelt þar sem efnið á ekki við í dag.“

Akur, sjóður í rekstri Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka, keypti 30 prósenta hlut í Fáfni á 1.260 milljónir króna mánuði eftir fundinn. Hluthafar í Akri eru 13 lífeyrissjóðir, VÍS og Íslandsbanki.

Steingrími var sagt upp sem forstjóra Fáfnis í desember og var myndbandið tekið út af vefsíðu bankans í kjölfarið. **– ih**



**Steingrímur Erlingsson ræddi við Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóra VÍB, í nóvember árið 2014.** MYND/ÍSLANDSBANKI

HÚSASMIÐJAN
blómaval

# ÚTSALA

## HÚSASMIÐJUNNAR

## HEFST Í DAG

# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

### EIN STÆRSTA ÚTSALA OKKAR FRÁ UPPHAFI

BÚSÁHÖLD **25-50%** • SMÁRAFTÆKI **20-40%** • JÓLAVÖRUR **50%** • FLÍSAR **30%** • LJÓS **25-50%**
POTTAR OG PÖNNUR **25-50%** • RAFMAGNSVERKFÆRI **20-40%** • BLÖNDUNARTÆKI **25-35%**
HANDVERKFÆRI **20-40%** • VERKFÆRATÖSKUR **20-40%** • HEIMILISTÆKI VALDAR VÖRUR **15-35%**
PARKET VALDAR VÖRUR **30-40%** • ÚTIVISTARFATNAÐUR **25%** • VEGGÞILJUR **30-40%**
INNIMÁLNING **20-30%** • BARNABÍLSTÓLAR **25%** • GJAFAVÖRUR **25%** ...**OG ÓTAL MARGT FLEIRA!**

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. gildir ekki af KitchenAid

# Kanarí & Tenerife

SÉRTILBOÐ & 2FYRIR1
Flugsæti frá kr. 39.950

Frá kr. 69.900

## Tenerife



Las Dalias
m/allt innifalið
Frá kr. 189.900
Netverð á mann frá kr. 189.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
12. janúar í 14 nætur



Villa Adeje Beach
m/allt innifalið
Frá kr. 77.900
Netverð á mann frá kr. 77.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 95.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
26. janúar í 7 nætur



Iberostar Torviscas Playa
m/hálft fæði innifalið
Frá kr. 109.900
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
26. janúar í 7 nætur



H10 Conquistador
m/hálft fæði innifalið
Frá kr. 135.900
Netverð á mann frá kr. 135.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
2. febrúar í 7 nætur

## Kanarí



Los Tilos
Frá kr. 69.900
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 3 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 í íbúð.
27. janúar í 7 nætur.

2fyrir1 tilboð á flugsæti með gistingu.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




## Keppt á skíðum



Keppt er á skíðum í Oberstdorf í Þýskalandi þessa dagana og tekur fjöldi manns þátt. Aðstæður í Oberstdorf eru góðar enda er bærinn vinsæll skíða- og fjallgöngubær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Milljarðalán íslenskra banka í húfi í Noregi

**Íslenskir bankar hafa lánað norsku olíuþjónustufyrirtæki 8 milljarða. Fyrirtækið á í rekstrarerfiðleikum og hefur fengið lengt í lánum og seinkað afborgunum. Djúp kreppa ríkir í olíuiðnaði en olíuverð hefur ekki verið lægra í 11 ár.**

**VIÐSKIPTI** Havila Shipping, norskt skipafélag, sem Íslandsbanki og Arion banki hafa lánað jafnvirði 8 milljarða íslenskra króna, á í miklum rekstrarvandræðum. Fyrirtækið, sem sérhæfir sig í þjónustu við olíu- og gasvinnslu, tilkynnti á þriðjudaginn að það hefði komist að samkomulagi við lánardrottna sína um að lengja í lánum og seinka afborgunum.

Í tilkynningunni kom fram að núverandi tekjur félagsins dygðu ekki til þess að greiða af öllum lánum þess og ekki væri útlit fyrir að markaðsaðstæður myndu lagast á næstunni. Samkomulagið ætti að tryggja félaginu nægt laust fé út árið 2018.

Olíuþjónustuiðnaðurinn í Noregi og víðar hefur verið í djúpri kreppu frá því að olíuverð tók að falla sumarið 2014. Leggja hefur þurft fjölmörgum olíuþjónustuskipum. Í gær hafði tunna af Brent-hráolíu ekki verið ódýrari síðan árið 2004. Tunnan kostaði yfir 115 Bandaríkjadali í júní 2014 en kostar nú undir 35 Bandaríkjadölum. Íslandsbanki lánaði fyrirtækinu 130 milljónir norskra króna í árslok 2013, sem var þá jafnvirði um 2,5 milljarða íslenskra króna. Arion banki lánaði félaginu 300 milljónir norskra króna sumarið 2014 sem þá var jafnvirði 5,5 milljarða íslenskra króna. Hlutabréf í Havila hafa lækkað um meira en 90 prósent frá því íslensku bankarnir lánuðu fyrirtækinu.



Leggja hefur þurft fjölmörgum norskum þjónustuskipum við olíuiðnaðinn vegna lágs olíuverðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, sagði bankann hluta af samkomulaginu. Bankinn væri að liðka til í skilmálum eins og aðrir lánveitendur. Hann vísaði að öðru leyti í tilkynningu Havila. Íslandsbanki vísaði á sömu tilkynningu þegar viðbragða var leitað þar.

Samkomulag Havila við lánardrottna felur í sér að lengt verði í lánum og afborgunum þeirra seinkað þannig að fyrirtækið muni borga 2,2 milljarða íslenskra króna í afborganir lána í stað 7,8 milljarða íslenskra króna á árunum 2016-2018 miðað við núverandi gengi. Samkomulagið er þó háð samþykki eigenda skuldabréfa sem Havila hefur gefið út og að 200 milljónir norskra króna, jafnvirði tæplega 3 milljarða íslenskra króna, af nýju hlutafé verði settar í félagið. Havila Shipping er að meirihluta í eigu Sævik-útgerðarfjölskyldunnar, sömu fjölskyldu og á meirihluta í Havyard, skipasmíðastöðinni sem byggt hefur skip íslenska félagsins Fáfnis Offshore og á hlut í Fáfni. Per Rolf Sævik, sem segja má að sé höfuð fjölskyldunnar, sat í stjórn Fáfnis þar til í nóvember síðastliðnum. ingvar@frettabladid.is

F&F

# ÚTSALA

# 30-50%
AFSLÁTTUR

VORUM AÐ BÆTA VIÐ ENN
FLEIRI VÖRUM Á ÚTSÖLU

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

Finndu okkur á
Facebook

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 01/13, ekinn 86 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143113.

Glæsilegur bíll
8.890 þús.



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 06/14, ekinn 46 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.980 þús.
Rnr. 143060.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 01/14, ekinn 89 þús km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.490 þús.
Rnr. 103212.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/14, ekinn 78 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.890 þús.
Rnr. 152032.



HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 78 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr. 152000.



DACAI DUSTER 4x4
Nýskr. 06/14, ekinn 104 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 283270.



FORD KUGA TITANIUM
Nýskr. 10/12, ekinn 99 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 283239.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



**Mótmælt hefur verið fyrir utan lestarstöðina, einkum vegna þess hvernig lögregla hefur haldið á málum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ofbeldi gegn konum í Köln vekur mikla reiði

**Lögreglan í Köln hefur viðurkennt margvísleg mistök í tengslum við kynferðisofbeldi sem tugir kvenna urðu fyrir á gamlársdag. Innanríkisráðherra Þýskalands krefst skýringa. Lögreglustjórinn segist ekki ætla að segja af sér.**

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í Köln sætir nú gagnrýni í tengslum við árásir og kynferðisbrot, sem tugir eða hundruð kvenna urðu fyrir á gamlárskvöld þar í borg.

Thomas de Maiziere innanríkisráðherra hefur tekið undir gagnrýnina og krefst skýringa. „Svona getur lögreglan ekki starfað,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali.

„Ég vil fá skýringar sem fyrst,“ sagði hann: „Var þetta skipulagt, voru þetta virkilega Norður-Afríkumenn og hvernig var hægt að fullyrða daginn eftir að allt hefði gengið friðsamlega fyrir sig?"

Þá hafa ummæli borgarstjórans í Köln, Henriette Reker, vakið furðu og gagnrýni á samfélagsmiðlum, en hún sagði konur þurfa að gæta þess að halda sig í hæfilegri fjarlægð við aðstæður sem þessar.

Lögreglan í Köln hefur viðurkennt að mistök hafi verið gerð. Aðstæður hafi verið vanmetnar og viðbúnaður lögreglu þetta kvöld hafi ekki verið nægur. Framvegis verði séð til þess að slík mistök endurtaki sig ekki þegar mikill mannfjöldi er saman kominn í miðbænum, sérstaklega á kjötkveðjuhátíðartímanum sem fram undan er.

Meðal annars verði settar upp fleiri eftirlitsmyndavélar, tryggt verði að nægur mannafli sé á vakt og hann fái fyrirmæli um að grípa fyrr inn í. Þá verði mönnum, sem áður hafa vakið athygli lögreglu vegna svipaðra brota, meinað að fara inn á ákveðnar götur.

Lögreglan hefur einnig verið gagnrýnd fyrir yfirlýsingar um að árásarmennirnir hafi almennt verið af arabískum eða norðurafrískum uppruna. Þessar yfirlýsingar hafa kynt undir hatursorðræðu gegn flóttafólki, innflytjendum og útlendingum almennt, einkum aröbum og múslimum.

André Schulz, formaður félags þýskra lögreglumanna (BDK), segir ekkert nýtt við það að hópar afbrotamanna safnist saman við aðalbrautarstöðina í Köln og geri þar óskunda. Það tengist yfirleitt skipulagðri glæpastarfsemi: „Hin svokallaða uppátroðsla brotamanna, sem oft eru frá Norður-Afríku eða Balkanskaga, fellur undir gengjaglæpi og er alls ekkert nýtt fyrirbæri í glæpaheiminum,“ er haft eftir honum á fréttasíðu vikublaðsins Die Zeit.

Wolfgang Albers, lögreglustjóri í Köln, segist alls ekki ætla að segja af sér vegna málsins, þótt á hann sé þrýst. Og de Maiziere innanríkisráðherra hefur á móti verið gagnrýndur fyrir að tala til lögreglunnar með þeim hætti sem hann gerði.

Hundruð manna hafa mótmælt í vikunni vegna málsins fyrir utan lestarstöðina.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Árásirnar í Köln og Hamborg

Tugir kvenna urðu fyrir árásum og kynferðislegri áreitni á gamlárskvöld í miðborg Kölnar, við aðallestarstöð borgarinnar, þegar áramótafögnuður stóð þar sem hæst.

Hópar karlmanna umkringdu konurnar, káfuðu á þeim með grófum hætti og stálu frá þeim verðmætum. Stundum voru þeir tugum saman að áreita eina konu, sem þeir höfðu króað af.

Meira en hundrað konur hafa tilkynnt brot af þessu tagi til lögreglunnar í Köln. Þar á meðal eru tvær nauðgunarkærur.

Lögreglumenn hafa hins vegar sagt að sáralitlar líkur séu á því að dómar verði felldir í þessum málum. Lítið sé vitað um gerendur í hverju einstöku máli og konurnar eigi erfitt með að bera kennsl á ribbaldana. Nokkrir hafa þó verið teknir til yfirheyrslu, en enginn handtekinn vegna þessara árása.

Lögreglan sagði árásarmennina hafa verið á aldrinum 20 til 40 ára og tók sérstaklega fram að þeir virtust vera af arabískum eða norðurafrískum uppruna.

Margir þeirra eru sagðir hafa áður komist í kast við lögregluna. Þeir hafi undanfarna mánuði lagt stund á vasaþjófnað og svikabrögð á fjölförnum stöðum í miðbænum, og einatt farið þar í hópum saman með svipuðum hætti og þeir gerðu á gamlárskvöld.

Lögreglan í Hamborg hefur greint frá því að svipaðar árásir hafi átt sér stað þar í borg.

**2**

**nauðgunarkærur hafa borist lögreglunni í Köln.**

> **Það er alltaf möguleiki á því að halda sér í armslengd frá öðrum. Það er að segja að vera ekki of nærri fólki sem þú þekkir ekki nægilega vel.**
>
> Henriette Reke
> borgarstjóri



# Í FULLU FJÖRI

## Risa ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

**LEVANTO**
Hægindastóll með skemli.
Svart leður.



**33%** AFSLÁTTUR

Leðurstóll með skemli.
**99.990 kr.** ~~149.800 kr.~~

**STANLEY**
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu, brúnu eða vínrauðu leðri.



**30%** AFSLÁTTUR

**125.993 kr.**
~~179.990 kr.~~

**ASTRO**
Slitsterkt áklæði
margir litir.



**30%** AFSLÁTTUR

**41.993 kr.** ~~59.990 kr.~~



**KLINT SÓFASETT**
Þriggja og tveggja sæta leðursófasett
Svart leður og viðargrind (Br.: 193 & 138 cm)
**227.988 kr.** ~~379.980 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR



**ELLY**
Þriggja sæta. Margir litir.
Slitsterkt áklæði
Stærð: 183 x 82 x 85 cm
**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR



**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm.
**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



**FRIDAY**
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm
**209.993 kr.** ~~299.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

**ASAMA**
Borðstofustóll,
svart og hvítt
PU leður.



**30%** AFSLÁTTUR

**11.193 kr.** ~~15.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

## Samanburður á frístundastyrk í 14 sveitarfélögum




### Með þeim lægstu

Akureyrarbær hækkaði nú um áramótin frístundastyrkinn um fjögur þúsund krónur og komst þannig hjá því að vera á botninum í þessari könnun. „Þetta var þörf hækkun til að koma til móts við taktinn,“ segir Ellert Örn Erlingsson, forstöðumaður íþróttamála. „Ég veit að við erum með lægri styrk en á móti kemur að æfingagjöldin eru almennt lægri á Akureyri.“

### Mánaðargreiðslur eru hvatning

Hafnarfjarðarbær greiðir lægstu frístundastyrkina á höfuðborgarsvæðinu og er eina sveitarfélagið sem dreifir styrknum niður á mánuði. Yngri börn fá 1.700 kr. á mánuði og eldri 2.550 krónur. Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri Hafnarfjarðarbæjar, segir mánaðargreiðslur vera hugsaðar til að viðhalda fastri ástundun og virkni allt árið. „Í stað þess að styrkurinn klárist í byrjun árs þá hvetja mánaðargreiðslur til að börn haldi áfram út árið í tómstundum og hærri greiðslur fyrir eldri börn hvetja unglinga til að halda áfram í tómstundum.“

**Við fylgjumst líka vel með því að íþróttafélögin hækki ekki gjöldin um leið og styrkurinn hækkar. Þessi peningur á að fara í vasa foreldra.**

Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar

**Það kemur upp umræða á hverju ári um að hækka styrkinn. Bolmagn sveitarfélagsins hefur bara ekki leyft það.**

Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar

**Við viljum meina að samanburðurinn hafi oft verið svolítið ósanngjarn.**

Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar

# Allt að þrefalt hærri styrkur á Nesinu

**Frístundastyrkir eru allt frá 15 þúsund krónum upp í 50 þúsund á ári. Lægstu styrkirnir eru í Árborg og Reykjanesbæ. Hafnarfjörður er lægstur á höfuðborgarsvæðinu. Sum sveitarfélög á landsbyggðinni styrkja ekki tómstundir með beinum greiðslum heldur með óbeinum hætti.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

**SAMFÉLAGSMÁL** Í könnun Fréttablaðsins á frístundastyrk fjórtán sveitarfélaga kemur í ljós gífurlegur munur á upphæð styrksins og hversu mörg ár börnin fá styrk.

Seltjarnarnesbær greiðir hæsta frístundastyrkinn. Fyrir tveimur árum var styrkurinn hækkaður um tuttugu þúsund og er nú fimmtíu þúsund krónur á ári fyrir hvert barn. „Við viljum styðja vel við barnafjölskyldurnar í sveitarfélaginu,“ segir Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri bæjarins. „Við fundum fyrir mikilli fjölgun iðkenda í íþróttafélögunum við hækkunina enda er þetta peningur sem barnafjölskyldur munar um. Við fylgjumst líka vel með því að íþróttafélögin hækki ekki gjöldin um leið og styrkurinn hækkar. Þessi peningur á að fara í vasa foreldra,“ segir Gunnar.

**Ekki bolmagn í hærri styrk**

Árborg og Reykjanesbær eru með lægsta styrkinn í könnuninni eða 15 þúsund krónur á ári.

„Það kemur upp umræða á hverju ári um að hækka styrkinn,“ segir Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar. „Bolmagn sveitarfélagsins hefur bara ekki leyft það.“

Hafþór Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar, segir að með þjálfarastyrkjum og góðum mannvirkjum sé stutt við íþróttafélög bæjarins. „Það skiptir líka miklu máli að búa vel að iðkendum. Einnig er mikilvægt að hafa vel menntaða og góða þjálfara, þannig liðkum við fyrir að hafa úrvalsfólk á öllum stöðum.“

**Styrkja með öðrum hætti**

Þrjú sveitarfélög í könnuninni eru ekki með frístundastyrki. Á Fljótsdalshéraði var bent á að börnum og unglingum væri boðið frítt í sund. Í Vestmannaeyjum hefur verið lögð áhersla á að styðja félög með rekstrarstyrkjum og í vissum tilvikum aðstöðu. „Félagsþjónustan veitir fjárhagslegan stuðning til fjölskyldna barna vegna tómstundastarfa að uppfylltum ákveðnum forsendum. Eitthvað dró úr slíkum framlögum á síðasta ári,“ segir Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja.

Í Ísafjarðarbæ er rekinn íþróttaskóli þar sem æfingagjöldum er haldið niðri og bærinn kemur einnig að rekstri Tónlistarskólans á Ísafirði. Fullt tónlistarnám kostar því aðeins 86.500 fyrir allan veturinn.

„Við viljum meina að samanburðurinn hafi oft verið svolítið ósanngjarn, því þó að hér séu engir frístundastyrkir til foreldra þá kemur bæjarfélagið verulega mikið að niðurgreiðslu á íþróttum og tómstundum barna. Kostnaður foreldra er því mjög lítill samanborið við önnur bæjarfélög sem við höfum kannað,“ segir Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar.



Breiðliksstúlkur keppa á móti ÍBV á Pæjumóti. Engir frístundastyrkir eru í Vestmannaeyjum en í Kópavogi var fristundstyrkurinn hækkaður um sjö þúsund krónur um síðustu áramót og er nú 37 þúsund á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON




# Hjallastefnan tapaði 187 milljónum

**MENNTUN** Hjallastefnan tapaði 187 milljónum króna á síðasta skólaári sem er talsverð breyting frá skólaárinu 2013-2014 þegar félagið hagnaðist um 42 milljónir króna.

Þór Sigfússon, stjórnarformaður Hjallastefnunnar, segir félagið hafa haft jákvæða afkomu í mörg ár en nú séu einna helst tvær ástæður fyrir lakari afkomu. Laun hafi hækkað samhliða nýjum kjarasamningum og félagið hafi verið í vexti. „Við höfum vaxið tiltölulega hratt á skömmum tíma. Sá vöxtur þýddi auðvitað að það var meiri kostnaður,“ segir Þór.

„Við höfum verið að fara meira inna á grunnskólastigið og miðstigið. Það eru svona tilraunaverkefni í gangi sem við höfum mikla trú á en eru auðvitað verkefni sem hafa tekið tíma og fé,“ bætir hann við.

Launakostnaður Hjallastefnunnar jókst um hálfan milljarð króna og annar rekstrarkostnaður um 100 milljónir. Tekjur félagsins jukust á móti um 360 milljónir.

Þór leggur þó áherslu á að peningar skipti Hjallastefnuna ekki mestu máli. „Auðvitað leggjum við alltaf áherslu á að vera réttum megin við strikið en við erum að mæla okkar afkomu fremur í líðan barnanna í skólunum og ánægju foreldra,“ segir Þór.

Þá sé eigið fé Hjallastefnunnar sterkt og félagið standi styrkum stoðum. Eigið fé Hjallastefnunnar lækkaði um 284 milljónir í 89 milljónir króna vegna tapsins. Þá nema skuldir félagsins 752 milljónum króna og eignir 840 milljónum króna. Þar af eru fasteignir bókfærðar á 730 milljónir króna.

Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar, á 79,7 prósent hlutafjár í fyrirtækinu en hluthafar eru alls 19.

Hjallastefnan var stofnuð af Margréti Pálu Ólafsdóttur árið 2000 til þess að standa fyrir rekstri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði á grundvelli þjónustusamnings. Margrét Pála hafði þá verið leikskólastjóri á Hjalla í áratug og þróað þar kenningar og námskrá Hjallastefnunnar.– ih

**Við höfum vaxið tiltölulega hratt á skömmum tíma. Sá vöxtur þýddi auðvitað að það var meiri kostnaður.**



Þór Sigfússon stjórnarformaður Hjallastefnunnar

**89**

milljónir er eigið fé Hjallastefnunnar.

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

*Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is*

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**VERÐ 690.000 kr.**
**Citroën C4 Comfort** OL274
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 147.000 km.



**VERÐ 1.190.000 kr.**
**Ford Focus Trend** ZZU61
Skráður apríl 2008, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 142.000 km.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km.
Verð 3.950.000 kr.



**TILBOÐ 1.650.000 kr.**
**Citroën C1 Feel** VMH14
Skráður apríl 2015, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 1.750.000 kr.



**TILBOÐ 3.290.000 kr.**
**Mazda6 Vision** ZYF48
Skráður ágúst 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 3.590.000 kr.



**VERÐ 3.390.000 kr.**
**Ford B-MAX Titanium** FRY55
Skráður júní 2015, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 21.000 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 2.490.000 kr.**
**Ford Mondeo Trend Collection** NYE90
Skráður júlí 2010, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 146.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.



**VERÐ 2.150.000 kr.**
**Mazda2 Takara** EPE27
Skráður október 2014, 1,3i bensín, beinskiptur
Ekinn 10.400 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 2.890.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** IKG91
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð.
Verð 3.090.000 kr.



**TILBOÐ 4.360.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** ATK31
Skráður mars 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 90.000 km. Í ábyrgð.
Verð 4.690.000 kr.



**TILBOÐ 4.290.000 kr.**
**Audi A4** KXP63
Skráður júní 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 40.000 km.
Verð 4.880.000 kr.



**TILBOÐ 1.890.000 kr.**
**Hyundai Santa Fe** RH532
Skráður maí 2006, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 178.000 km.
Verð 2.190.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*






# FJÖLSKYLDAN



**Eftir sex vikur á útsölu telst útsöluverð vera orðið almennt verð og lækka þarf þá verðið aftur ef varan á enn að vera á útsölu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kvarta undan reglu um skil og gömlum lager

**Neytendur kvarta yfir því að hafa ekki náð að skipta jólagjöfum áður en útsölur byrjuðu. Eiga rétt á inneignarnótu sem miðar við upprunalegt verð. Seljendur geta sett eigin reglur um skilarétt og vöruúrval á útsölum.**

Helstu kvartanirnar sem Neytendasamtökunum berast þessa dagana eru vegna þess að ekki hefur náðst að skipta jólagjöfum áður en útsölurnar byrjuðu, að því er Sigurlína Sigurðardóttir, starfsmaður samtakanna, greinir frá.

„Það getur flækt málin þegar útsölur byrja strax eftir jól og einhverjir eiga eftir að skila eða skipta jólagjöfum. Þá þurfa viðskiptavinir að hafa í huga að þeir eiga rétt á inneignarnótu sem miðar við upprunalegt verð vörunnar en inneignarnótu sem gefin er út innan 14 daga fyrir útsölu eða á meðan útsala stendur yfir er ekki heimilt að nota á útsölu nema með samþykki seljanda,“ tekur hún fram.

Sigurlína bendir á að í raun sé enginn lögbundinn skilaréttur á Íslandi nema vara sé gölluð. „Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gaf út verklagsreglur fyrir nokkrum árum um skilarétt, inneignarnótur og gjafabréf til að koma til móts við kröfu neytenda og verslana um formfastar reglur. Þessar reglur eru leiðbeinandi og verslunum er þess vegna ekki skylt að fara eftir þeim.

> **Það er ekkert óeðlilegt við sölu á gömlum lagerum. Verslunin tekur sjálf slíka ákvörðun en viðskiptavinurinn er náttúrlega viðskiptavild verslunarinnar. Ef seljendur vilja hafa fjölbreyttan hóp viðskiptavina verða þeir að sinna þeim. Það er ekkert flóknara en það.**
>
> Sigurlína Sigurðardóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna



Seljendur geta sett sínar eigin reglur um skilarétt og ættu neytendur að kynna sér vel hvaða reglur verslunin hefur sett um skilarétt áður en vara er keypt.“

Hún getur þess að samkvæmt fyrrgreindum verklagsreglum gildi útsöluverð við skil eða skipti vöru sé hún keypt rétt fyrir útsölu. „Fólk áttar sig ekki alltaf á að þá getur það óskað eftir inneignarnótu sem miðar við upprunalegt verð.“

Neytendasamtökunum berast einnig kvartanir vegna gamalla lagera sem settir eru fram í verslanir þegar útsala er. Oft er um að ræða vörur sem þeir hafa aldrei séð í viðkomandi verslun áður. „Slíkar kvartanir koma alltaf annað slagið inn. Það er ekkert óeðlilegt við sölu á gömlum lagerum. Verslunin tekur sjálf slíka ákvörðun en viðskiptavinurinn er náttúrlega viðskiptavild verslunarinnar. Ef seljendur vilja hafa fjölbreyttan hóp viðskiptavina verða þeir að sinna þeim. Það er ekkert flóknara en það.“

Seljandi þarf að geta sannað að vara hafi í raun verið seld á því verði sem gefið er upp sem fyrra verð. Ekki er heimilt að hækka verð við upphaf útsölu til að blekkja neytendur. Eftir sex vikur á útsölu telst útsöluverð vera orðið almennt verð og lækka þarf þá verðið aftur ef varan á enn að vera á útsölu. Telji neytendur að þessar reglur séu brotnar geta þeir sent upplýsingar um það til Neytendastofu.

**ibs@frettabladid.is**

# Milljón króna styrkur frá Skyrgámi

Grýla og synir hennar mættu á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar í gær með 960 þúsunda króna framlag Skyrgáms og bræðra hans til verkefna stofnunarinnar.

Í fréttatilkynningu frá Hjálparstarfinu segir að jólasveinana dreymi um að komast í landsliðin í handbolta og fótbolta fyrir Evrópumótin sem fram undan eru en Grýla hafi meiri trú á íþróttafólki framtíðarinnar. Hluti framlagsins rennur þess vegna í Hemmasjóð Hjálparstarfsins en úr honum fá efnalitlar fjölskyldur á Íslandi styrk til að greiða æfingagjöld og fleira tengt íþróttaiðkun barna og unglinga.



**Grýla og synir hennar ásamt Kristínu Ólafsdóttur, upplýsingafulltrúa Hjálparstarfs kirkjunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms hefur frá stofnun látið 20% af veltu sinni renna til Hjálparstarfs kirkjunnar. Heildarframlag er tæpar 11 milljónir króna og hefur því verið varið til að aðstoða einstaklinga í verkefnum bæði innan lands og utan. Á síðasta ári var gjöf Skyrgáms nýtt til að gera fræðsluefni um Hjálparstarf kirkjunnar með það að markmiði að gera fólk meðvitaðra um þörf náungans og hið faglega starf sem hjálparstarfið vinnur með þeim sem standa höllum fæti.

Kristín Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Hjálparstarfsins, kveðst þakklát fyrir framlag Grýlu og strákanna hennar. **– ibs**

# Útsalan er hafin! 25-50% afsláttur!




## Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl.. Fáanleg í eik og hnotu. Nú með 25% afslætti.
Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 359.000,-, **nú 269.250,-.** Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 338.000,- **nú 253.500,-.** Glerskápur 110 x 200 cm,kr. 329.000,-, **nú 246.750,-.**
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, **nú 242.250,-.** Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, **nú kr. 321.750,-.**
Borðstofustóll í leðri, 32.700,-, **tilboðsverð (-30%) kr. 22.890,-.**



**Riverdale rammi,**
frá kr. 2.400,-, **nú frá kr. 1.200,-**



**LSA ísfata,**
kr. 14.800,-, **nú kr. 7.400,-**




## **Stoffus** tungusófi

Stærð; 285 x 180 cm. Litir: dökkbrúnt og ljósbrúnt
Verð kr. 526.000,-, **nú 368.200,-**







**Riverdale kassi f/ritföng,**
kr. 14.800,-, **nú kr. 7.400,-**



**Riverdale skartgripaskrín,**
kr. 23.300,-, **nú kr. 11.650,-**

## **HTL 9801** hornsófi í leðri

Litir; svart, brúnt og grátt. Stærð 290 x 215 cm.
Verð kr. 698.000,-, **nú kr. 523.500,-**



**Riverdale púði,**
kr. 11.200,-, **nú kr. 5.600,-**



**Riverdale lukt,**
frá kr. 5.600,-, **nú frá kr. 2.800,-**




## **HTL 10558** hvíldarsófasett í leðri 3+1+1

Litir: svart, grátt og brúnt. Verð kr. 878.000,-, **nú kr. 614.600,-.**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




2892 blöð

**998** kr. 12 rl.

**Kitten Soft Salernispappír**
Mjúkur, 12 rúllur,




**298** kr. 750 g

**Euro Shopper Kornflögur**
750 g




**95** kr. 500 g

**Euro Shopper Haframjöl,** 500 g




**298** kr. 1 kg

**Bónus Tröllahafrar**
1 kg




**198** kr. 1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri




**359** kr. 500 g

**Bónus Rúsínur**
500 g




**459** kr. 400 g

**Bónus Chiafræ**
400 g



**1.698** kr. 500 g

**Bláber**
Fersk, 500 g




**319** kr. stk.

**Myllan Lífskornabrauð**
450 g, 3 tegundir

NÝBAKAÐ!



**259** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

NÝBAKAÐ!



**259** kr. 4 stk.

**Bónus Langlokur**
4 stk.

PRÓTEINDRYKKUR




**498** kr. 3x250 ml

**Hámark Próteindrykkur**
Súkkulaði, 3x250 ml




**659** kr. 500 ml

**Bónus Þorskalýsi**
500 ml




**598** kr. pk.

**Bónus Lýsisperlur**
280 mg, 300 stk.




**2.598** kr. stk.

**Raspberry Ketons**
60 hylki




**5.798** kr. stk.

**Nutrilenk Gold,** 180 töflur.
Við verkjum og sliti í liðamótum.




**2.895** kr. 270 g

**Amino Energy Fæðubótarefni**
270 g, 8 tegundir

GÓÐUR ORKUGJAFI




froosh
fruit: bottled

**298** kr. stk.

**Froosh safar**
8 tegundir, 250 ml

VALITOR

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **10. janúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1.598** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg




**1.298** kr. kg

**Norðanfiskur Ýsubitar**
Roð- og beinlausir, frosnir




**1.098** kr. kg

**Norðanfiskur Þorskbitar**
Roð- og beinlausir, frosnir

# ÍSLENSKT KJÖT OG FISKUR

ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT




**2398** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautasnitsel**
Ferskt




**2398** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautagúllas**
Ferskt




**2.998** kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk




**1.898** kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**998** kr. 1 kg

**Gríms Plokkfiskur**
1 kg




**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




**659** kr. kg

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir




**598** kr. kg

**Kjarnafæði Folaldakjöt**
Saltað og ferskt

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## VIÐSKIPTI

# Olíufélög hunsa útboð á eldsneyti

**Olís og N1 ákváðu á síðasta ári að taka ekki þátt í stórum útboðum á eldsneyti. Olís segir útboðsskilmála óaðgengilega, þvert á mat Skeljungs sem tryggði sér öll viðskiptin. Magnið jafngildir 18% af sölu eldsneytis til útgerðarinnar á heilu ári. Spurt er um samkeppni.**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Tvö af þremur stóru olíufélögunum á Íslandi, N1 og Olís, skiluðu ekki inn tilboði til að tryggja sér viðskipti á sjö milljónum lítra af eldsneyti til á þriðja hundrað smábátasjómanna. Skeljungur tryggði sér samninginn í lok árs 2015 en auk þess tók Atlantsolía þátt í útboðinu. Í október var sama uppi á teningnum í útboði á um 23 milljónum lítra af eldsneyti. Samanlagt er um 18% af allri eldsneytissölu til útgerðarinnar að ræða á ársgrundvelli.




Olís tók ekki þátt í útboðum fyrir sölu á 27.500 tonnum af eldsneyti – en kýs að þjónusta sína viðskiptavini án milliliða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Yfir 200 sjómenn vilja kaupa**

Útboðið var runnið undan rifjum Landssambands smábátaeigenda (LS), en samningur LS, Skeljungs hf. og Sjávarkaupa hf., sem annaðist útboðið, var undirritaður skömmu fyrir áramót og tók gildi í ársbyrjun. Samningurinn gildir til 31. desember 2017, með möguleika á endurskoðun á samningstímanum og framlengingu. Auk afsláttar á olíu á báta þessara rúmlega 200 smábátaeigenda tekur samningurinn einnig til einkaneyslu hópsins.

Fram kemur á heimasíðu LS að samningurinn átti sér töluverðan aðdraganda þar sem LS hefur um nokkurt skeið vaktað olíuverð hjá olíufélögunum þremur, Skeljungi, N1 og Olís. Í haust var ákveðið að reyna að knýja fram lægra innkaupsverð með útboði. LS leitaði í því skyni til Sjávarkaupa hf., sem sérhæfir sig í útboðum, innkaupum, innflutningi og eftirfylgni útboða.

**Samkeppni?**

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, segist ekki skilja af hverju N1 og Olís sáu sér ekki hag í því að taka þátt í útboðinu þar sem stór hluti félagsmanna LS hafði þegar ákveðið að beina sínum viðskiptum til félags sem tryggði sér viðskiptin. Skráðir félagar í LS séu um 950, sem stunda mismikla útgerð, og fjölmargir muni vísast bætast við þá rúmlega 200 sem útboðið náði til í upphafi.

„En þetta er gríðarlegt magn og í ljósi þess olli það mér miklum vonbrigðum að félögin tóku ekki öll þátt í útboðinu, í raun er ég furðu lostinn yfir þessu háttalagi. Satt best að segja kem ég ekki auga á þau rök sem ætti að liggja því til grundvallar að sitja meðvitað svona viðskipti af sér,“ segir Örn og bætir við: „Maður hlýtur að horfa til samkeppnissjónarmiða. Þessir aðilar allir eiga að vera í mikilli samkeppni sín á milli og á þeim forsendum var reiknað með að félögin tækju öll þátt í útboðinu. Það má spyrja sig hvernig þessi tvö félög, N1 og Olís, skilgreina þetta hugtak, samkeppni.“

> **Þessir aðilar allir eiga að vera í mikilli samkeppni sín á milli og á þeim forsendum var reiknað með að félögin tækju öll þátt í útboðinu.**
>
> 
>
> Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda

**Tveir samningar – sama niðurstaða**

Skeljungur og Sjávarkaup skrifuðu undir samning í lok október fyrir hönd nokkurs fjölda sjávarútvegsfyrirtækja um kaup á að minnsta kosti 25 milljónum lítra af eldsneyti, en um var að ræða eitt stærsta útboð á eldsneyti sem farið hefur fram hér á landi. Niðurstaðan var sú sama; Skeljungur tryggði sér viðskiptin. Olís tók ekki þátt, en Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um aðkomu N1, en félagið varð ekki við óskum um upplýsingar.

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjávarkaupa, furðar sig eins og Örn á því að félögin tóku ekki öll þátt í útboðinu, sérstaklega í ljósi þess um hversu stóran hóp viðskiptamanna ræðir og mikið magn af eldsneyti – en samkvæmt tölum Orkustofnunar um heildarsölu eldsneytis til skipa árið 2013 er um 27.500 af 150.000 tonnum að ræða, eða 18,3%.

„Þetta kom okkur verulega á óvart þar sem um mjög áhugaverða samstarfsaðila er að ræða og möguleikar til frekara samstarfs með ákvæðum um endurnýjun samningsins,“ segir Samúel, sem gjörþekkir eldsneytismarkaðinn eftir störf hjá Olís frá 1992 til 2014.

Spurður um hugsanlegar ástæður þess að Olís og N1 kjósa að sitja meðvitað af sér viðskipti með allstóra hlutdeild af eldsneytismarkaði sjávarútvegsins segir Samúel erfitt að koma auga á það í fljótu bragði. „Hins vegar gæti það markast af því að Sjávarkaup vinnur að því að safna saman litlum og millistórum fyrirtækjum sem hafa notið lakari kjara á markaði, til að mynda kaupstyrk á kaupendahliðinni og ná þannig fram verðlækkun í krafti samstöðu, en félagið hefur framkvæmt tvö útboð á eldsneytismarkaði með góðum árangri,“ segir Samúel.

**Okkar lifibrauð**

Eins og svar hér fyrir neðan sýnir tók Olís ekki þátt í útboðinu þar sem félagið taldi að útboðsskilmálar væru með öllu óaðgengilegir. Skeljungur, sem tryggði sér öll viðskiptin í þessum tveimur útboðum, er því ósammála, eins og undirskrifaðir samningar auðvitað sanna.

Sigurður Orri Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Skeljungs, segist lítið geta sagt um samningana tvo með tilliti til þess að öll olíufélögin tóku ekki þátt í útboðinu. Hver og einn svari til um það fyrir sig.

„Það er einfaldlega yfirlýst stefna hjá okkur að bjóða í það sem býðst, og fellur að okkar getu til að veita þjónustuna. Það er okkar lifibrauð að selja eldsneyti á farartæki og við fögnum viðskiptunum, enda er markaðurinn með þessa vöru að minnka,“ segir Sigurður.

## Vilja ekki greiða millilið í viðskiptum við sjómenn

Kristján Már Atlason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Olís, segir að félagið hafi ekki séð sér fært að taka þátt í útboði vegna eldsneytiskaupa LS, og fyrir því hafi legið nokkrar ástæður. Útboðsskilmálar voru ekki aðgengilegir að mati Olís vegna þeirra ákvæða sem tilgreind voru í útboðsgögnum og þeirra upplýsinga úr rekstri sem farið var fram á að Olís legði fram, svo sem um innkaupsverð, dreifingarkostnað og fleira sem fyrirtækið er ekki tilbúið að leggja fram.

Í gögnunum hafi komið fram að greiða hefði þurft Sjávarkaupum verulegar fjárhæðir fyrir litla aðkomu að samningnum.

„Það er því okkar mat eftir að hafa lesið yfir útboðsgögnin að við séum ekki tilbúnir að greiða millilið í Reykjavík þóknun allan samningstímann fyrir viðskipti okkar við smábátasjómenn víðsvegar um land. Olís telur mikilvægt að bjóða smábátasjómönnum bestu kjör milliliðalaust og tryggja þannig að allur afsláttur sem gefinn er gangi beint til smábátasjómanna, þar með talið sá hluti sem annars færi til milliliðs,“ segir Kristján.

> **Það er okkar mat að það séu ekki eðlilegir viðskiptahættir.**
>
> Kristján Már Atlason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Olís
>
> 

Hann bætir við að tæknileg atriði í samningnum hafi auk þess verið óaðgengileg; verð hafi átt að fylgja heimsmarkaðsverði án þess að upphafspunktur þess verðs hafi verið tiltekinn. „Samkvæmt okkar upplýsingum þá gátu smábátasjómenn jafnframt ekki fengið að sjá mánaðarleg samningsverð nema að skuldbinda sig sem aðila að samningi áður. Það er okkar mat að það séu ekki eðlilegir viðskiptahættir,“ segir Kristján og bætir við að Olís hafi þjónað smábátasjómönnum áratugum saman; félagið hafi sérhæfða sölumenn og útibú um allt land til að veita smábátasjómönnum persónulega og góða þjónustu.

Kristján staðfestir jafnframt að Olís hafi ekki tekið þátt í fyrra útboði Sjávarkaupa með eldsneyti til sjávarútvegsfyrirtækja í október. Ástæðurnar hafi verið að flestu leyti þær sömu og í LS-útboðinu, og þá helst að hann telji með öllu óeðlilegt að greiða háar fjárhæðir til ráðgjafarfyrirtækis sem milliliðs fyrir takmarkað vinnuframlag.

ÚTSALA! 25-50%
afsláttur – Gæða verkfæri, gott verð
Asaki power tools
ALB10DAS 10,8V Li-Ion Bor/skrúfvél 1,4Ah 30Nm ~~13.990~~ 9.793
40% afsláttur
AR636 18V Skrúfvél Ni-Cd 2,0Ah 158Nm ~~18.990~~ 11.394
25% afsláttur
ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah 38Nm ~~29.990~~ 22.493
25% afsláttur
ALM 14DW 2 hraða borvél 14,4V Ni-Cd 2,0 Ah ~~12.990~~ 9.743
50% afsláttur
30% afsláttur
ASM305 kúttsög 1600W 305x30mm ~~35.990~~ 25.193
ALM14DF 14,4V Li-Ion herðsluskrúfvél 2,8Ah 135Nm ~~34.990~~ 17.495
Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# NÁM ER LESTUR

## 30% VILDARAFSLÁTTUR




Vildarverð: 1.399.-
Verð: 1.999.-

The Curious Incident of The Dog in The Night




Vildarverð: 3.999.-
Verð: 5.799.-

STÆ 103




Vildarverð: 1.749.-
Verð: 2.499.-

The Boy in The Striped Pajamas




Vildarverð: 1.999.-
Verð: 2.999.-

Tungutak - Málsaga




Vildarverð: 1.399.-
Verð: 1.999.-

The Hobbit




Vildarverð: 4.199.-
Verð: 5.999.-

Tölfræði




Vildarverð: 1.399.-
Verð: 1.999.-

The Five People You Meet in Heaven




Vildarverð: 3.999.-
Verð: 5.799.-

Nýir tímar




Vildarverð: 1.399.-
Verð: 1.999.-

The Catcher in The Rye




Vildarverð: 4.399.-
Verð: 6.299.-

Ultimate Star Wars

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð aðeins gildir 7. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Heiðursborgari



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Full ástæða er til að óska Sveini Rúnari Haukssyni, lækni og formanni félagsins Ísland-Palestína, til hamingju með þann virðingarvott sem palestínska þjóðin sýndi honum í vikunni með því að veita honum heiðursríkisborgararétt í Palestínu.

Sveinn Rúnar fékk í hendur vegabréf sem heiðursborgari Palestínu og bréf undirritað af Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. Í því kemur fram að forsetinn veiti ríkisborgararéttinn í þakklætisskyni fyrir forystuhlutverk það sem Sveinn Rúnar hafi tekið sér fyrir hendur í að styrkja vinabönd Íslands og Palestínu, auk viðleitni hans til að styðja palestínsku þjóðina og réttmæta baráttu hennar fyrir friði og sjálfstæði.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær segir Sveinn Rúnar viðurkenninguna líka fyrir félagið Ísland-Palestínu og sýna mikilvægi stuðnings Íslendinga við baráttu palestínsku þjóðarinnar. „Þá á ég líka við Alþingi," segir hann í viðtalinu, en Ísland varð síðla árs 2011 fyrsta ríki vestur- og norðurhluta Evrópu til að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæranna frá því fyrir sex daga stríðið 1967. Síðan þá hafa bæði Svíþjóð og Vatíkanið bæst í hópinn í þeim heimshluta.

Um leið segir Sveinn Rúnar heiðursverðlaunin hvatningu til áframhaldandi baráttu og ljóst er að Palestínu veitir ekki af liðsinninu. Landið er hernumið og í heljargreipum Ísraelsríkis sem hefur áratugum saman farið fram með ofbeldi, ofríki og mannréttindabrotum.

Virðingarleysi ráðamanna í Ísrael er meira að segja slíkt að sérstakur sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Makarim Wibisono, sem eftirlit átti að hafa með stöðu mannréttindamála á svæðum Palestínumanna, hrökklaðist í byrjun þessa árs frá verkefnum sínum ytra.

Fjórða þessa mánaðar afhenti Wibisono forseta Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna uppsagnarbréf sitt. Hann lýsti vonbrigðum með að allan skipunartíma hans hefðu Ísraelar ekki veitt honum aðgang að hernumdum svæðum Palestínu. Ísrael hefði allan tímann verið þrándur í götu í viðleitni hans til þess að bæta líf palestínskra fórnarlamba mannréttindabrota undir hernámi Ísraels.

Á meðan grafið hafi verið undan stöðu hans Ísraelsmegin hafi ríkisstjórn Palestínu hins vegar sýnt fyllsta samstarfsvilja. Þarna lýsir ekki bara einhver velviljaður borgari úti í bæ stöðu mála, heldur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna. Hann lýsir í frétt á vef Mannréttindastofnunarinnar djúpum áhyggjum af skorti á virkum aðgerðum til þess að verja palestínsk fórnarlömb fyrir áframhaldandi mannréttindabrotum og brotum á alþjóðlegum mannúðarlögum.

Vanmáttur þjóða heims til þess að stöðva þann augljósa órétt sem palestínsk þjóð er beitt af Ísrael, undir verndarvæng Bandaríkjanna, er grátlegur. Um leið eru vísbendingar um að þokist í rétta átt, ekki síst fyrir tilverknað fólks á borð við Svein Rúnar og félaga hans. Á Evrópska efnahagssvæðinu hefur verið samþykkt að sérmerkja vörur frá hernumdu svæðunum. Með sniðgöngu má vonandi sveigja Ísraelsríki af aðskilnaðarleið sinni. Mannréttindastofnunin skipar nýjan sendifulltrúa í mars og baráttan heldur áfram.

> **Þarna lýsir ekki bara einhver velviljaður borgari úti í bæ stöðu mála, heldur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna.**


# 40.000

FBL

fréttaþyrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ


## Halldór




## Frá degi til dags

**Afnám verðtryggingar**

**Afnám verðtryggingar hefur verið Framsókn hugleikin. Í síðustu kosningabaráttu lagði flokkurinn áherslu á að taka á þessum málum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur lofað afnámi verðtryggingar. Sigmundur sagði einmitt í ræðu á hinu háa Alþingi þann 24. febrúar síðastliðinn orðrétt: „Vinna við afnám verðtryggingar er í fullum gangi og algjörlega rangt að tala um aðgerðaleysi í því sambandi." Nú eru einnig tvö ár síðan Sigurður Ingi Jóhannsson var kjörinn varaformaður Framsóknarflokksins. Við það tilefni sagði hann afnám verðtryggingar vera forsendu þess að flokkur hans færi í stjórnarsamstarf.**

**Topparinn**

**Í gær, í viðtali við Heimi Karlsson og Gunnlaug Helgason í Bítinu á Bylgjunni, sagði hann íslenska verðtryggða krónu „sterkasta og stöðugasta gjaldmiðil heims". Drýpur hvert heimsmetið sem smjör af hverju strái á hinum pólitíska akri forsætisráðherra. Það er hins vegar kómískt að vita til þess að formaður sem talaði afgerandi um afnám verðtryggingar skuli segja þetta í byrjun árs 2016. En svo því sé haldið til haga þá eru, samkvæmt Alþjóðabankanum, gjaldmiðlarnir bandaríkur dollar, breskt pund, evra, japanskt jen og kínverskur júan mikilvægustu gjaldmiðlar heims. Dínarinn í Kúveit er sá sterkasti.**

sveinn@frettabladid.is

# Hjálparstarf er tímafrek samvinna ef ná á árangri



Kristín Ólafsdóttir
upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

Hvað gefur maður þeim sem á allt? Jú, auðvitað geit handa fátækri fjölskyldu í Afríku!" hljóðaði kveðja frá einum kaupanda gjafabréfs Hjálparstarfs kirkjunnar nú fyrir jólin. Hjálparstarfið reiðir sig á framlög frá almenningi til þess að fjármagna aðstoð við fólk sem býr við fátækt og vegna hennar við skort á lífsgæðum. Ein leið fjármögnunar er að selja gjafabréfin Gjöf sem gefur.

Sumir þeirra sem kaupa gjafabréfin okkar spyrja hvort gjöfin komist örugglega á réttan stað. „Fer geitin örugglega til Úganda?" er spurt. Ég gef mér að með spurningunni sé í raun verið að spyrja hvort hjálparstarf skipti nokkru máli. Hvort það breyti einhverju fyrir þann sem aðstoðina fær til lengri tíma? Neyðin virðist stundum svo endalaus.

Hjálparsamtök verða stöðugt að endurskoða hvort aðferð í starfi skili raunverulegum árangri. Reynslan hefur kennt okkur að vænlegast er að fólk sem þarfnast aðstoðar taki þátt í að finna lausnir við vandanum sem það stendur frammi fyrir. Notendastýrð þjónusta reynist best í hjálparstarfi eins og í svo mörgu öðru.

Á Íslandi leggur Hjálparstarfið áherslu á sértæka aðstoð enda hafa almenn og opinber úrræði ekki dugað þeim sem til okkar leita til að ráða fram úr aðsteðjandi vanda. Við aðstoðum fólk vissulega með inneignarkortum í matvöruverslanir en til þess að takast á við rætur fátæktar og félagslegrar einangrunar felst aðstoðin líka í vinnu með skjólstæðingunum sem miðar að því að styrkja sjálfsmynd þeirra og þar með efla getu þeirra til að takast á við daglegt líf. Í verkefnum erlendis er aðstoðin efnisleg en skjólstæðingarnir bera ábyrgð á framkvæmd verkefnanna og njóta afraksturs eigin vinnu.

Afríska máltækið „Ef þú vilt fara hratt yfir skaltu ferðast einn. Ef þú vilt fara langt skaltu ferðast með öðrum" á vel við til að lýsa árangursríku hjálparstarfi en til þess að aðstoð beri árangur þarf að gefa henni tíma því hún er samvinnuverkefni um hjálp til sjálfshjálpar.

> **Notendastýrð þjónusta reynist best í hjálparstarfi eins og í svo mörgu öðru.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Áfangasigur í umhverfismálum

ÍDAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Samkomulagið sem náðist í París meðal 195 þjóða fyrir jól um aðgerðir til að stemma stigu fyrir frekari hlýnun loftslags sætir tíðindum. Samkomulagið er sögulegt m.a. vegna þess að ríkir hagsmunir eru bundnir við óbreytt ástand. Hagsmunir olíufélaga og annarra sem vilja fá að halda áfram að menga andrúmsloftið í friði, eyða skógum og brenna kol virðast t.d. ráða málflutningi repúblikana á Bandaríkjaþingi. Allir frambjóðendur repúblikana í forsetakjörinu þar vestra næsta haust halda áfram að þræta fyrir óhrekjanlega staðreynd eða a.m.k. yfirgnæfandi líkur sem enginn umtalsverður ágreiningur er lengur um meðal vísindamanna, þ.e. að losun koltvísýrings af mannavöldum og annarra gastegunda út í andrúmsloftið heldur áfram að leiða af sér hitnandi loftslag, bráðnandi jökla og hækkandi sjávarborð. Tilvist margra eyríkja á Indlandshafi og Kyrrahafi er ógnað. Flóttamannastrauminn frá Norður-Afríku til Evrópu má að nokkru leyti rekja til þess að Chad-vatn sem var stærsta stöðuvatn Afríku og mikilvægasta vatnsból milljóna manna er nú nær horfið vegna hita og þurrka.

Fyrri tilraunir til samkomulags um aðgerðir gegn hlýnun loftslags fóru út um þúfur m.a. vegna þess að erindrekar olíufélaga og annarra sem vilja helzt fá að halda uppteknum hætti stóðu í veginum. Þeir hæddust að Al Gore fv. varaforseta Bandaríkjanna sem tók forustu á stjórnmálavettvangi í baráttunni fyrir aðgerðum gegn hlýnun loftslags og gerði m.a. fræga kvikmynd um málið, An Inconvenient Truth (2006). Gore var sæmdur friðarverðlaunum Nóbels 2007 fyrir þá verðmætu en vanþakklátu baráttu.

**Viljayfirlýsing**

Samkomulagið í París um daginn er þó aðeins áfangasigur á langri leið, en enginn fullnaðarsigur. Samkomulagið er bindandi viljayfirlýsing. Það kveður hvorki á um hvernig samkomulaginu skuli framfylgt né um viðurlög við brotum gegn því. Samkomulagið tilgreinir ekki heldur þær aðgerðir sem þarf til að ná markmiði þess. Hugsunin er sú að þjóðirnar 195 sem standa að samkomulaginu – engin þjóð skarst úr leik – muni sjá sóma sinn í að standa við samninginn og velja greiðar leiðir að settu marki.

**Mengunargjöld og veiðigjöld**

Forstjórar Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) lýstu þeirri skoðun fyrir ráðstefnuna í París að nauðsyn bæri til að hemja losun koltvísýrings út í andrúmsloftið með gjaldheimtu, þ.e. með því að gera þeim sem vilja menga andrúmsloftið skylt að greiða fyrir mengunarréttinn. Greiða hverjum? Spurningin svarar sér sjálf. Loftið sem við öndum að okkur er sameign. Réttur eigandi andrúmsloftsins er fólkið sem andar því að sér. Ríkið þarf því að innheimta mengunargjöld fyrir hönd almennings. Málið er samt ekki einfalt því andrúmsloftið virðir ekki landamæri. Þess vegna þarf alþjóðasamkomulag til að draga að gagni úr loftmengun.

Gjaldheimta er lausnin sem hagfræðingar hafa lagt til umhverfisverndarmála frá öndverðu. OECD byrjaði að mæla með þessari lausn 1972. Þetta var um sama leyti og veiðigjaldstillögur fengu vind í seglin í tengslum við fiskveiðistjórn hér heima undir forustu hagfræðinganna Bjarna Braga Jónssonar, Gunnars Tómassonar og Gylfa Þ. Gíslasonar auk stærðfræðingsins Þorkels Helgasonar. Það er ekki tilviljun að hvort tveggja skyldi gerast um svipað leyti. Ofveiði og loftmengun eru náskyld fyrirbæri og kalla því á sömu viðbrögð. Vandinn í báðum dæmum er sá að sameignarauðlind er ógnað með ónærgætinni umgengni. Almannahagur kallar því á skerðingu réttarins til veiða og til að menga andrúmsloftið.

Hagkvæmasta lausnin og jafnframt hin réttlátasta að flestra dómi felst í verðlagningu sameignarauðlindarinnar sem um er að tefla. Verðlagningin vísar á gjaldtöku fyrir réttinn til að veiða og menga. ESB tók mengunargjöld upp í stefnuskrá sína 1987, en ekki veiðigjöld þótt vandinn sé hinn sami í báðum dæmum. Þessi ósamkvæmni af hálfu ESB stafar af því að sjávarútvegur skiptir ESB svo litlu máli á heildina litið að þar þykir borga sig að láta undan sérhagsmunum og bera heldur skaðann sem óhagkvæmnin hefur í för með sér enda þótt fiskstofnum og staðbundnum fiskimannasamfélögum stafi hætta af.

**Heim til þín, Ísland**

Íslendingar tóku upp veiðigjöld að nafninu til 2002. Í því fólst viðurkenning stjórnvalda á málflutningi veiðigjaldsmanna frá því 30 árum fyrr og æ síðan. AGS tók líkt og OECD undir tillögur um veiðigjald við og við, en þó aðeins í hálfum hljóðum, að því er virðist af tillitssemi við stjórnvöld sem héldu skýrslum AGS leyndum fyrir almenningi þar til sjóðurinn tók upp þann sið fyrir nokkrum árum að birta allar slíkar skýrslur á vefsetri sínu nema sérstakar aðstæður kalli á leynd. Hagfræðingar AGS máttu vita frá byrjun að rökin fyrir mengunargjöldum í ESB og fyrir veiðigjöldum á Íslandi eru hliðstæð. AGS mælti opinberlega gegn lækkun veiðigjalda 2013.

> **Íslendingar munu ásamt öðrum geta þótt vel til forustu fallnir í loftslagsmálum á heimsvísu þegar nýja stjórnarskráin gengur í gildi með auðlindaákvæðinu sem kveður á um fullt gjald fyrir veiðiréttinn og 83% kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.**

Íslendingar munu ásamt öðrum geta þótt vel til forustu fallnir í loftslagsmálum á heimsvísu þegar nýja stjórnarskráin gengur í gildi með auðlindaákvæðinu sem kveður á um fullt gjald fyrir veiðiréttinn og 83% kjósenda samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Auðlindaákvæðið er í samræmi við umhverfisstefnu ESB frá 1987 og anda Parísarsáttmálans um loftslagsmál frá 2015.



# Menntun skal metin til launa



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
formaður BHM

BHM hefur kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna laga nr. 31/2015 sem sett voru á Alþingi 13. júní sl. Bandalagið telur sér skylt að leita réttar síns utan landsteinanna þó seint verði sagt að sú skylda sé ljúf. 19 aðildarfélög BHM voru með lausa samninga hjá ríkinu í upphafi árs en 18 þeirra fóru saman í viðræður. Hvorki gekk né rak að fá samninganefnd ríkisins til efnislegra viðræðna um kröfur félaganna og kjaradeilan endaði á borði ríkissáttasemjara. Það bar ekki heldur árangur. Þegar upp var staðið höfðu verkfallsaðgerðir staðið í 10 vikur en þeim lauk með því að samningsrétturinn var tekinn af aðildarfélögum BHM með lagasetningu á Alþingi.

Það er umhugsunarvert að í stað þess að gera sitt til að koma í veg fyrir verkföll og ganga til samninga um málefnalegar kröfur aðildarfélaga BHM, kröfur sem að mati BHM fóru saman við hagsmuni ríkisins, kaus ríkisvaldið að efna til ófriðar við starfsfólk sitt hjá mörgum af lykilstofnunum hins opinbera. Þá afstöðu munu félagsmenn BHM seint skilja.

**Menntunarákvæði gerðardóms**

Gerðardómur sýndi kröfum BHM meiri skilning en samninganefnd ríkisins. Í niðurstöðu hans segir m.a.: „Þegar allt er skoðað er það mat gerðardóms að ákvörðun hans feli ekki í sér meiri hækkun en þegar hefur verið samið um í öðrum kjarasamningum og því ekki til þess fallin að valda efnahagslegum óstöðugleika umfram aðra kjarasamninga sem nú þegar hafa verið gerðir.“ Þessu hafði margoft verið haldið fram við samningaborðið. Að auki steig gerðardómur mikilvægt skref með því að viðurkenna kröfu BHM um að háskólamenntun skuli metin til launa með sérstöku menntunarákvæði sem skal útfært fyrir 1. júní 2016.

Það er mikilvægt að hafa í huga að lög nr. 31/2015 og niðurstaða gerðardóms eru ekki fengin í frjálsum samningum aðila á vinnumarkaði og bindur hendur aðildarfélaganna 18 til ágústloka 2017 en félögunum er óheimilt að knýja fram breytingar með vinnustöðvunum á gildistíma dómsins.

**Það er brýnt samfélagslegt verkefni að skapa forsendur fyrir öfluga nýsköpun og metnaðarfulla almannaþjónustu, þannig að háskólamenntað fólk sækist eftir því að lifa og starfa á Íslandi.**

Aðalkrafa BHM um að menntun skuli metin til launa er sem fyrr segir byggð á málefnalegum sjónarmiðum og sameiginlegum hagsmunum ríkisins og starfsfólks þess. Því er það BHM undrunarefni að niðurstaða sem fengin er með þessum hætti skuli vera orðin viðmið allra annarra á íslenskum vinnumarkaði.

**Hvað er þetta SALEK?**

BHM tekur þátt í samstarfi aðila vinnumarkaðarins um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi undir hatti Samstarfsnefndar um launaupplýsingar og efnahagslegar forsendur kjarasamninga (SALEK). Á vettvangi nefndarinnar hefur verið unnið að upplýsingaöflun og skýrslugerð um vinnumarkaðinn í aðdraganda kjarasamninga áranna 2013 og 2015. Frá því í haust hefur nefndin rætt möguleika á innleiðingu samningamódels fyrir íslenskan vinnumarkað að norrænni fyrirmynd. Í því sambandi er gott að hafa í huga að á Norðurlöndunum eru samningamódelin langt frá því að vera eins þótt ákveðnir grunnþættir á vinnumarkaði séu sambærilegir. BHM tekur þátt í þessu mikilvæga starfi af metnaði og bindur vonir við að samstaða náist um breytt og bætt vinnubrögð við kjarasamningagerð á grundvelli efnahagslegs stöðugleika og jafns vaxtar kaupmáttar til langs tíma. Innan slíks kerfis þarf samfélagslegt mikilvægi háskólamenntunar að njóta skilnings og sannmælis.

Vert er að benda á að í nágrannalöndum okkar byggir samningalíkanið á náinni samvinnu heildarsamtaka vinnumarkaðarins og stjórnvalda, sem gegna lykilhlutverki í því að viðhalda trausti og samstöðu um það. Breið samstaða á vettvangi verkalýðshreyfingar, vinnuveitenda og stjórnvalda er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að innleiða íslenskt samningalíkan að norrænni fyrirmynd. Slíkt líkan þarf t.a.m. að þola ríkisstjórnaskipti og mannabreytingar í forystuliði vinnumarkaðarins.

Formenn aðildarfélaga BHM hafa vaxandi áhyggjur af stöðu yngsta hópsins innan raða bandalagsins. Kynslóð þeirra sem nú eru á þrítugs- og fertugsaldri ber þungar byrðar á Íslandi eftir-hrunsáranna. Húsnæðis- og lánakjör sliga marga fjölskylduna. Endurgreiðslur námslána nema tæpum mánaðarlaunum ár hvert. Nýsköpun á vinnumarkaði er með minnsta móti og velferðarkerfið þykir ekki lengur sérstök ástæða til búsetu hér á landi. Staðan er í einu orði sagt óviðunandi.

Innan BHM eru 28 aðildarfélög háskólamenntaðra sem starfa hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði. 65% félagsmanna eru konur. Hlutfall félagsmanna sem starfa í einkageiranum fer vaxandi. Það er brýnt samfélagslegt verkefni að skapa forsendur fyrir öfluga nýsköpun og metnaðarfulla almannaþjónustu, þannig að háskólamenntað fólk sækist eftir því að lifa og starfa á Íslandi. Þannig er framtíðarhagsmunum samfélagsins alls best þjónað.

# Hernaðurinn gegn þjóðinni



**Benedikt Jóhannesson**
framkvæmdastjóri

Langt er síðan á Íslandi hefur verið ríkisstjórn sem berst jafn kinnroðalaust fyrir sérhagsmunum eins og sú sem nú er við völd. Um þetta eru sífellt fleiri dæmi. Fyrir skömmu vildi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra festa lágt auðlindagjald í sessi í aldarfjórðung. Núverandi ríkisstjórn ætlaði sér sem sagt að ríkja til ársins 2040 í sjávarútvegsmálum. Sem betur fer tókst að hrinda þeim áformum, en ekki tók betra við. Nú vill hún festa óhagkvæmt landbúnaðarkerfi í viðjar í áratug.

Skoðum nokkrar staðreyndir: Heildarstuðningur við landbúnað á Íslandi nam tæpum 20 milljörðum króna árið 2013 samkvæmt tölum OECD. Þetta eru um 55 milljónir á dag eða rúmlega 2 milljónir króna á klukkustund. Og er peningunum vel varið? Hvetja þeir til nýsköpunar eða hagræðingar í greininni? Nei, öðru nær.

Áttum okkur á því að þetta eru engir smápeningar. Ríkisstjórnin gæti til dæmis varið þeim þannig að mánaðarlegar bætur öryrkja hækkuðu um nærri hundrað þúsund krónur, kysi hún að forgangsraða þannig. Svo mætti líka skipta fjárhæðinni milli allra þeirra 4.800 sem vinna við landbúnað. Þeir fengju þá hver um sig 347 þúsund krónur á mánuði sem er meira en bændur fá nú í laun að meðaltali.

Það versta við núverandi kerfi er að allir tapa á því. Landbúnaður er ekki arðbær fyrir bændur. Þvert á móti sýna skattskýrslur það svart á hvítu að fáar stéttir hafa lægri laun en þeir. Fórnir neytenda eru ekki gróði bænda.

Þessu verður að breyta! Nauðsynlegt er að í kosningum vorið 2017 fái nýtt afl, sem er óhrætt við að leggja til atlögu við dýrt og úrelt kerfi, almennan stuðning. Viðreisn setur almannahagsmuni í öndvegi, berst gegn mismunun og vill nýta markaðslausnir í stað sérhagsmunavörslu stjórnmála- og embættismanna.

**Aðför að neytendum**

Neytendur njóta sannarlega ekki góðs af greiðslum til landbúnaðarins. Hér á landi eru framleiddar ágætar landbúnaðarvörur, en verð er miklu hærra en í nágrannalöndunum. Vöruúrval er líka minna hér á landi en í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

**Það versta við núverandi kerfi er að allir tapa á því. Landbúnaður er ekki arðbær fyrir bændur. Þvert á móti sýna skattskýrslur það svart á hvítu að fáar stéttir hafa lægri laun en þeir. Fórnir neytenda eru ekki gróði bænda.**

Dýr sem bíða slátrunar sæta víða illri meðferð eins og við vorum óþyrmilega minnt á í áramótaannál sjónvarpsins fyrir nokkrum dögum.

Þegar ástandið er svona alvarlegt væri eðlilegt að leita leiða til breytinga þar sem allir væru betur settir: Bændur, neytendur, ríkið og búfé.

En hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á ástandinu? Landbúnaðarráðherra hyggst binda hendur komandi ríkisstjórna fram yfir þingkosningar 2025 og halda þannig við núverandi ófremdarástandi.

Auðvitað er þetta ekki af umhyggju fyrir bændum. Ef þeir fengju sjálfir að ráða því hvernig þeir höguðu sínum landbúnaði myndu þeir laga sig að markaðsaðstæðum. En ríkisstjórnin vill viðhalda núverandi styrkjakerfi þar sem bændur fá greitt fyrir að framleiða ákveðnar vörur en aðrar ekki.

Styrkirnir enda í raun hjá kerfinu sjálfu, kerfi sem hefur þann tilgang einan að viðhalda sjálfu sér og skaffa talsmönnum sínum störf. Fyrir skömmu var tilkynnt að innflutningskvótar á landbúnaðarvörum yrðu rýmkaðir lítillega. Nú hefur jafnvel þessi litla kjarabót neytenda verið tekin í gíslingu meðan unnið er að því að festa kerfið í sessi.

**Falsrök kerfiskarla**

Finnur Árnason, forstjóri Haga, leyfði sér að vekja athygli á þeim gjörningi sem fyrirhugaður er: „Samningur til tíu ára þýðir skattlagningu í tíu ár“. Andstæðingar neytenda snerust strax til varnar fyrir sitt kerfi. Talað er um „fæðuöryggi“ sem auðvitað stenst ekki skoðun. Ef svo ólíklega vildi til að forkólfum ríkisstjórnarinnar eða öðrum tækist að einangra Ísland frá umheiminum myndi eldsneyti fljótt þverra, varahluti skorta, áburður gengi til þurrðar og svo mætti lengi telja. Landbúnaðurinn væri með fyrstu greinum til þess að stöðvast. Við getum þakkað fyrir að grannþjóðirnar eru ekki jafnuppteknar af „fæðuöryggi“ og við. Matvörur eru um fjórðungur útflutnings Íslendinga.

Allt öðru máli gegnir ef landbúnaðurinn fær alvöru samkeppni og losnar úr viðjum þeirra sem vilja segja bændum hvað þeir eiga að framleiða og almenningi hvað hann á að borða. Frjálsir bændur laga sig að markaðsaðstæðum og geta nýtt sína styrkleika, sjálfum sér og neytendum í hag. Afnám tolla á grænmeti í byrjun aldarinnar skilaði sér í lækkuðu verði og aukinni samkeppnishæfni greinarinnar og hækkuðu heildarverði til grænmetisbænda. Stuðningur við bændur á hvorki að vera til höfuðs neytendum né bændum sjálfum.

Þeir sem vilja nýta kosti frjáls markaðs í landbúnaði og afnema kerfi þar sem allir tapa eru ekki óvinir bænda. Þvert á móti skapar markaðurinn ný tækifæri, þannig að bændur hætta að vera peð í gamaldags refskák stjórnmálamanna sem hugsa aðeins um hag kerfisins.

Í næstu kosningum gefst tækifæri til þess að snúa við blaðinu, kjósa flokk sem óhikað berst fyrir neytendur og bændur gegn miðstýringaröflunum. *Viðreisn* er svarið.

# Rafrettur – úlfur í sauðargæru?

Undanfarið hefur umræða um rafrettur verið áberandi í fjölmiðlum og mætti stundum ráða af umfjölluninni að hér sé komin hin endanlega lausn á vanda þeirra sem vilja hætta að reykja. Málið er hins vegar mun flóknara en það og nýlega hafa komið fram fullyrðingar í fjölmiðlum sem ekki standast skoðun og geta beinlínis verið villandi. Undirrituð, sem öll starfa við meðhöndlun sjúklinga með reykingatengd krabbamein, eða við forvarnir eða rannsóknir á þessum krabbameinum, telja rétt að leiðrétta nokkur mikilvæg atriði sem snúa að rafrettum.

**Rafrettur eru lítið rannsakaðar**

Það er innan við áratugur síðan rafrettur voru markaðssettar á Vesturlöndum og rannsóknir á öryggi þeirra eru afar takmarkaðar. Í upphafi voru rafrettur taldar skaðlausar en nýlegar rannsóknir benda eindregið til þess að svo sé ekki. Það að rafrettur séu minna skaðlegar en venjulegar sígarettur réttlætir ekki notkun þeirra.

**Rafrettur eru ekki betri en aðrir nikótíngjafar**

Í samanburðarrannsóknum hafa rafrettur ekki reynst marktækt betri en aðrir nikótíngjafar, t.d. nikótínplástur eða tyggjó, í reykleysismeðferð. Staðreyndin er sú að yfir 90% þeirra sem reyna að skipta út sígarettum fyrir rafrettur halda áfram að reykja sígarettur. Því eru engar vísbendingar um að rafrettur séu betri kostur en aðrir nikótíngjafar í reykleysismeðferð. Vökvinn, sem nikóktíninu er blandað við og eimast við bruna í rafrettum, er ekki saklaus vatnsgufa heldur inniheldur skaðleg efni eins og formaldehýð sem getur verið krabbameinsvaldandi. Fleiri skaðleg efni hafa mælst í rafrettuvökva og nýleg rannsókn hefur nú sýnt að rafrettuvökvi án nikótíns getur valdið skemmdum á erfðaefni og frumudauða. Rannsóknir á langtímaáhrifum rafretta vantar og því vitum við ekki um skaðsemi þeirra þegar til lengri tíma er litið. Það mun taka áratugi þar til ljóst verður hver langtímaáhrif rafretta á heilsu eru.

**Staðan á Íslandi**

Ljóst er að rafrettur hafa náð töluverðri útbreiðslu á Íslandi, ekki síst meðal unglinga. Nikótín er mjög ávanabindandi efni, jafnt í rafrettum sem öðrum nikótíngjöfum eins og sígarettum, og hefur ýmis skaðleg áhrif, t.d. á hjarta- og æðakerfi. Sú staðreynd að þeir sem byrja að nota rafrettur geta síðar ánetjast sígarettum veldur áhyggjum. Rafrettuvökvi getur verið hættulegur börnum og valdið nikótíneitrun ef börn gleypa hann. Því miður eru engar reglur eða lög um notkun rafretta hér á landi. Því er algeng sjón að sjá fólk reykja rafrettur á almenningsstöðum eins og veitingahúsum og stofnunum. Þetta er ólíðandi enda þurfa þeir sem eru nálægt þeim sem reykir að anda að sér gufunni, sem bæði inniheldur nikótín og önnur eiturefni.

**Hefta verður útbreiðslu rafretta**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur varað við útbreiðslu rafretta og hvetur ríki heims til að setja hertar reglugerðir um notkun þeirra auk þess að mælast til að sömu lög gildi um rafrettur og sígarettur. Við teljum mikilvægt að slík lög verði sett hér á landi, ekki síst til að vernda rétt þeirra sem ekki kjósa að anda að sér gufum frá rafrettum. Á Íslandi hefur stefna í tóbaksforvörnum skilað góðum árangri. Með því að leyfa rafrettureykingar er hætta á að afturför verði á þeim mikilvæga árangri sem stuðlað hefur að bættri heilsu þjóðarinnar. Gerum ekki sömu mistök og þegar sígarettur voru markaðssettar. Það gæti reynst okkur dýrkeypt því rafrettur gætu reynst úlfur í sauðargæru.

**Árni Einarsson**, *framkvæmdastjóri FRÆ – Fræðslu og forvarna og formaður stjórnar Krabbameinsfélags Reykjavíkur*
**Ásgerður Sverrisdóttir**, *krabbameinslæknir á Landspítala og varaformaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur*
**Guðlaug B. Guðjónsdóttir**, *framkvæmdastjóri Krabbameinsf. Reykjavíkur*
**Gunnar Guðmundsson**, *prófessor og lungnalæknir á Landspítala*
**Gunnar Bjarni Ragnarsson**, *yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala*
**Hans Jakob Beck**, *lungnalæknir og yfirlæknir lungnasviðs Reykjalundar*
**Hrönn Harðardóttir**, *lungnalæknir á Landspítala*
**Jakob Jóhannsson**, *yfirlæknir geislameðferðar krabbameina á Landspítala og formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands*
**Kristján Oddsson**, *yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins og forstjóri Krabbameinsfélags Íslands*
**Laufey Tryggvadóttir**, *klínískur prófessor við H.Í. og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands*
**Lára G. Sigurðardóttir**, *doktor í lýðheilsuvísindum og læknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands*
**Magnús Karl Magnússon**, *prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands*
**Sigríður Ólína Haraldsdóttir**, *lungnalæknir á Landspítala*
**Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir**, *formaður Félags lýðheilsufræðinga*
**Tómas Guðbjartsson**, *prófessor og yfirlæknir á Landspítala*
**Þórarinn Guðnason**, *hjartalæknir á Landspítala*
**Örvar Gunnarsson**, *krabbameinslæknir á Landspítala*

# GLEÐILEGT GRÆJUÁR:)

4BLS KIPPA ÚT :)

## BYRJUM ÁRIÐ MEÐ LÁTUM • ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Í Janúar fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga

FREEFLY VR

**UPPLIFÐU! 360°**
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF 360° 3D VR LEIKJUM, TÓNLISTARMYNDBÖNDUM, KVIKMYNDUM, OFL. OFL.



**VR GLERAUGU**
LÚXUS 360° SÝNDARVERULEIKA-GLERAUGU FRÁ FREEFLY FYRIR NÆR ALLA SNJALLSÍMA, MEÐ MJÚKUM PÚÐUM OG HÁGÆÐA 120° LINSUM ÁSAMT ÞRÁÐLAUSUM STÝRIPINNA

**19.900**

KOMDU AÐ PRUFA :) FREEFLY VR SÉRFRÆÐINGUR Á STAÐNUM

NÝ SENDING VAR AÐ LENDA

**GOOGLE CHROMECAST 2**
Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2, þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er ;)




**CHROMECAST 2**
Gerðu sjónvarpið snjallara á augabragði og notaðu þjónustur eins og Netflix eða Hulu;)

**6.990**
UPPFÆRÐU Í SNJALLSJÓNVARP!

NÝ SENDING VAR AÐ LENDA




4 LITIR

**LEIKJASTÓLAR**
Stórglæsilegir hágæða Enzo leikjastólar frá Arozzi úr slitsterku PU-leðri með þykkum og mjúkum örmum.

**34.900**
ÞÚ SEKKUR Í ÞENNANN;)

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 39.900




**PEBBLE TIME**
Verðlækkun á mest seldu snjallúrum í heimi nú með stórglæsilegum háskerpu E-ink litaskjá!

**VERÐ FRÁ 29.900**
MIKIÐ ÚRVAL • FJÖLDI LITA

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS



Hallarmúla 2 Reykjavík





STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS




Undirhlíð 2 Akureyri

7. JANÚAR 2016 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EI

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum. S.6269899/6269099 rhsmidar@internet.is

## Spádómar

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**AÐSTÖÐUHÚS/SKRIFSTOFA/VINNUSKÚR**
Til sölu, verð 1960þ. plús vsk. Bjart og hlýtt. uppl . 820-5181




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



# Draumabíllinn er á sjalfsalinn.is

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur og seljendur ganga frá bílaviðskiptum milliliðalaust

**SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT**

**ENGIN SÖLULAUN**



SJÁLFSALINN.IS



**ÚTSALA 20-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM.**
Mussa 3594. Peysa 4194 loðeyraband 3192 taska 3594 allar vörur með afslætti. Súpersól/ Noon Hólmasel 2 S. 5870077 5672077

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TRÖNUHRAUN 10, HFJ.**
Herb. með húsgögnum sér baðherb., neti, tv, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Uppl. í s. 899 7004 og bh@vigri.is

30fm bílskúr til leigu í Hfj. Uppl. sendist á: antonben@simnet.is

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Til leigu snyrtilegt 130fm iðnaðarhúsnæði á Smiðjuvegi. Uppl. í s. 896 0551

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Jón og Salvar fasteignafélag ehf. Iðnaðarmenn óskast. Smiðir/lærlingar í mótavinnu. Upplýsingar í síma: 8943343 eða jon@jonogsalvar.is

**LAGHENTA MANNESKJU VANTAR TIL STARFA Á SMÍÐAVERKSTÆÐI, LAGER O.S.FRV.**
Um er að ræða starf við framleiðslu, vinnutími er frá 8 til 18 á daginn.
Aðeins ábyrg, vandvirk, dugleg, heiðarleg, sjálfstæð manneskja með mannleg samskipti á hreinu.
Gott vald á íslensku algjört skilyrði.
Hreint sakavottorð og meðmæli óskast.
**Áhugasamir umsækjendur hafi samband í rekkjan@rekkjan.is**

FREDERIKSEN ALE HOUSE

Frederiksen Ale House óskar eftir vönum barþjónum og þjónum til starfa. Umsókn sendist á info@frederiksen.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## til sölu

**TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI**

**Til sölu við Smiðjuveg í Kópavogi. Mjög góður vélakostur, er í 270 fm bjartu leiguhúsnæði. Gott verð. Afhending STRAX.**

**Uppl. gefur Óskar í síma 773-4700**
**Fyrirtækjasala Íslands, www.atveignir.is**






# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

XPRENT - hönnun og merkingar
LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN
Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is



Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

EYJALIND
Yale
People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Er vandamál með neysluvatnið?
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is



VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is



· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is




BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, á spildu úr landi Egilsstaða.**
Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps sem felur í sér að hluti svæðis fyrir frístundabyggð, merkt F8, úr landi Egilsstaða breytist í landbúnaðarsvæði. Svæðið er um 10 ha að stærð og er fyrirhugað að þar verði stofnað nýtt lögbýli.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**2. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á lögbýlinu Hraunvellir. Nýtt svæði fyrir verslun- og þjónustu.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að afmarkað er svæði fyrir verslun- og þjónustu á lögbýlinu Hraunvellir þar sem fyrirhuguð er uppbygging gistiþjónustu fyrir ferðamenn.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**3. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Brekku, Bláskógabyggð. Landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.**
Auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að um 7 ha svæði í landi brekku sem afmarkast af Vallá, Kóngsvegi og landamörkum við Efri-Reyki breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð.

**Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**4. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, á spildu úr landi Einiholts. Verslun- og þjónusta í stað landbúnaðarsvæðis/efnistökusvæðis.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 10. desember 2015 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að gert er ráð fyrir svæði fyrir verslun- og þjónustu á spildu úr landi Einiholts á svæði milli Einiholtslækjar og þjóðvegar, sunnan við bæjartorfu Einiholts. Tillagan var auglýst frá 22. október til 4. desember 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

**5. Breyting á aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016 í Bláskógabyggð, Brennimelslína 1. Færsla á háspennulínu.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 12. nóvember 2015 tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Brennimelslínu 1. Tillagan var auglýst frá 3. september til 16. október 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið staðfest af Skipulagsstofnun. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

**6. Deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags sem nær til Minjastaðarins Stangar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og til svæði við Gjána sem er aðeins austar. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að útbúa ramma yfir framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í til að bæta aðstöðu vegna aukins álags ferðamanna.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

**7. Deiliskipulag sem nær til lögbýlisins Ásborg í Ásahreppi auk tveggja spildna úr landi Áss 1.**
Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 60 ha svæðis og þriggja spildna (Ásborg 220760, Ás 1 spilda 2 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232). Á hverri spildu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, bílskúr/gestahús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**8. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Koðrabúðir úr landi Heiðar í Bláskógabyggð. Skilmálabreyting.**
Auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Koðrabúðir sem felst í að skilmálar breytast á þann veg að byggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0.03 í stað þess að miða hámarksstærð húsa við 80 fm.

**9. Deiliskipulag fyrir lóðina Sökk 5 úr landi Efri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þrjár frístundahúsalóðir.**
Auglýst tillaga að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum á landi sem heitir Sökk 5 úr landi Efri-Brúar og liggur við austanvert Úlfljótsvatn. Tvær lóðirnar eru rúmlega 1 ha að stærð en sú þriðja er um 2,3 ha. Á hverri lóð er heimilt að byggja frístundahús ásamt aukahúsi. Byggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0.03 en hámarksstærð aukahúss er 40 fm.

**10. Deiliskipulag fyrir 1 ha svæði úr landi Langholts 2 (lnr. 166249) í Flóahreppi. Frístundahús til nota í ferðaþjónustu.**
Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 1 ha spildu á bæjartorfu Langholts 2. Afmarkaður er byggingarreitur (B1) þar sem heimilt verður að byggja 2 ný allt að 85 fm frístundahús auk þess sem heimilt verður að stækka núverandi hús (34 fm í dag) í sömu stærð.

**11. Deiliskipulag fyrir lóðina Fljótsholt í Reykholti, Bláskógabyggð. Íbúðarhúsalóðir.**
Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Fljótsholt í Reykholti sem er um 1 ha að stærð og er í aðalskipulagi skilgreind sem íbúðarsvæði. Með auglýsingu sem birtist þann 25. júní sl. var auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem náði til lóðarinnar þar sem gert var ráð fyrir að á henni yrðu byggð 16 íbúðarhús á bilinu 50-90 fm. Athugasemdir bárust og tók breytingin ekki formlega gildi. Þá breyttust forsendur þar sem deiliskipulag fyrir þéttbýlið Reykholt var fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nú hefur sveitarstjórn samþykkt að auglýsa deiliskipulag fyrir lóðina Fljótsholt sem felst í að gert er ráð fyrir 6 parhúsum á bilinu 100-140 fm að stærð auk 4 einbýlishúsa á bilinu 100-120 fm. Öll hús verða á einni hæð.

**12. Deiliskipulag fyrir tvær frístundahúsalóðir úr landi Heiðarbæjar í Bláskógabyggð. Lóðir með lnr. 170186 og 222397.**
Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til tveggja um 1,5 ha frístundahúsalóða í landi Heiðarbæjar á svæði milli Torfadalslækjar og Móakotsár. Aðkoma að lóðunum er frá Þingvallavegi (nr. 36). Á hvorri lóð verður heimlt að reisa allt að 250 fm frístundahús og allt að 30 fm aukahús.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

**13. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Rimahverfi.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 19. ágúst 2015 tillögu að deiliskipulagi sem nær til frístundabyggðar úr landi Klausturhóla sem kallast Rimahverfi. Tillagan var auglýst frá 13. maí til 25. júní 2015. Var deiliskiplulagið samþykkt með breytingum á greinargerð til að koma til móts við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu og þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

**14. Deiliskipulag verslunar- og þjónustulóðar á spildu úr landi Einiholts 1 í Bláskógabyggð.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 10. desember 2015 tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á spildu úr landi Einiholts 1 sem liggur milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegarg. Tillagan var auglýst frá 22. október til 4. desember 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur nr. 1-2 og 6-7 er í kynningu frá 7. til 18. janúar 2016 en tillögur nr. 3 og 8-12 frá 7. janúar til 12. febrúar. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1-2 og 6-7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 18. janúar 2016 en 12. febrúar fyrir tillögur nr. 3 og 8-12. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Pétur Ingi Haraldsson*
*Skipulagsfulltrúi*
*petur@sudurland.is*

## ÚTHLUTUN VEGNA AFNOTA Á BÓKASÖFNUM

Af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum er úthlutað til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum. Um úthlutun gilda lög nr. 91/2007 með síðari breytingum og reglur nr. 323/2008.

Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og rétthafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum sem finna má á heimasíðu, http://rsi.is/bokasafnagreidslur/

**Umsóknarfrestur er til 31. janúar**

Vakin er athygli á að þeir sem nú þegar hafa skilað skráningu þurfa EKKI að skrá sig aftur. Ný verk eru sjálfkrafa færð á skrá höfundar.


Skeifan fasteignasala
Eysteinn Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali
FÖST LÁG SÖLUÞÓKNUN

**Suðurhólar 22** - 42,9 fm íbúð á 1. hæð (jarðhæð)
**Opið hús í dag 7. janúar á milli 17:00 - 17:30**




Um er að ræða 42,9 fm íbúð á 1. hæð (jarðhæð).
Sérgarður með skjólveggjum. Sérinngangur.
Nýlega er búið að viðhalda og laga blokkina að utan.
**ÍBÚÐIN ER LAUS STRAX TIL AFHENDINGAR.**
**Svavar 8215401 verður á staðnum og tekur vel á móti ykkur.**

Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46
108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is



# HUNDÓDÝR
# - ÚTSALA -

TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA
ATH!




FULL BÚÐ AF VÖNDUÐUM SKÓM OG FATNAÐI Á ALLA FJÖLSKYLDUNA!

Nike • Adidas • Puma • Asics • Didrikson • Champion • Roxy • Speedo • Seafolly
Arena • Zara • Levis • Lee • Wrangler • Boswell • Lindbergh • Shine • Sixmix
Imac • Kaffe • Veto • B young • Oasis • All saints • Fransa • ... og fl.

*AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ NUMIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

## Fengu slæman skell í síðasta heimaleik sínum fyrir EM í Póllandi



**Fall verður vonandi fararheill hjá strákunum okkar** Íslenska karlalandsliðið í handbolta tapaði óvænt með fjögurra marka mun á móti Portúgal í Kaplakrika í gær í eina heimaleik liðsins fyrir Evrópumótið í Póllandi sem hefst í næstu viku. Ásgeir Örn Hallgrímsson sést hér brjótast í gegnum vörn portúgalska liðsins í gær en Ásgeir skoraði fjögur mörk í leiknum. Íslenska liðið þarf að spila miklu betur á EM í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# FSu gæti rænt áttunda sætinu

**Síðari hluti tímabilsins í Domino's-deild karla hefst í kvöld. Nýir og öflugir Bandaríkjamenn gætu sett svip sinn á deildina og breytt landslaginu fyrir baráttuna á báðum endum töflunnar, sem gæti orðið hörð.**

**KÖRFUBOLTI** Keppni í Domino's-deild karla hefst aftur í kvöld eftir jólafrí en þá hefst síðari helmingur deildarkeppninnar. Þó svo að flestir reikni með því að KR verði deildarmeistari og Höttur neðstur hefur ýmislegt breyst á síðustu vikum sem gæti breytt framvindu á síðari hluta tímabilsins. Fréttablaðið fékk Hermann Hauksson, einn sérfræðinga Körfuboltakvölds á Stöð 2 Sport, til að velta fyrir sér möguleikum liðanna fyrir seinni umferðina.

> KR er ekki enn komið á það stig sem við bjuggumst við af liðinu fyrir tímabilið.

Hermann Hauksson, sérfæðingur í Körfuboltakvöldi á Stöð 2 Sport



### Toppbaráttan

„KR er ekki enn komið á það stig sem við bjuggumst við af liðinu fyrir tímabilið," segir Hermann um lið KR. Þeir svörtu og hvítu eru með ógnarsterkan leikmannahóp en Helgi Már Magnússon og Pavel Ermolinskij hafa verið mikið frá vegna meiðsla sem setti strik í reikninginn í haust hjá KR-ingum.

„Nú er Helgi að koma aftur inn af fullum krafti og þegar Pavel verður leikfær aftur þá er KR komið með ógnarsterkt lið. Fyrir tímabilið héldum við allir að KR myndi komast klakklaust í gegnum veturinn en sem betur fer hefur komið í ljós að önnur lið eru betri en maður bjóst við. Engu að síður tel ég að KR muni vaxa ásmegin eftir því sem líður á tímabilið," segir Hermann sem vill þó ekki útiloka nein lið í toppbaráttunni.

„Keflavík hefur spilað svakalega flottan körfubolta. Leikmennirnir eru lágvaxnir, hraðir og góðir skotmenn og planið þeirra hefur gengið 100 prósent upp. En nú eru önnur lið að læra betur inn á leikstíl þeirra og því gæti seinni hluti tímabilsins orðið erfiðari fyrir Keflavík en sá fyrri," segir Hermann sem reiknar engu að síður með því að Keflavík verði eitt af þremur efstu liðunum þegar deildarkeppninni lýkur.

### Njarðvík og Haukar líklegir

Njarðvíkingar mæta til leiks eftir áramót með nokkuð breytt lið en auk þess að vera með stóran Bandaríkjamann er leikstjórnandinn Oddur Kristjánsson kominn frá ÍR. „Ein af spurningunum sem Njarðvíkingar þurfa að svara er hvernig Oddur nær að aðlagast því hann þarf að gjörbreyta sínum leikstíl frá því hlutverki sem hann gegndi hjá ÍR," segir Hermann sem reiknar einnig með því að Haukar mæti öflugir til leiks.

„Haukar hafa verið mjög þéttir eftir að hafa hikstað í fyrstu 4-5 umferðunum og menn sem áttu að vera í lykilhlutverki eru orðnir stöðugir. Nú fá þeir stóran útlending inn í teig sem þeir eiga að geta leitað til þegar þeir lenda í klandri og ef það gengur eftir gætu þeir verið til alls líklegir," segir Hermann.

### Botnbaráttan

Í dag er deildin tvískipt. Efstu sjö liðin (12-18 stig) virðast öll nokkuð örugg en eftir sitja fimm lið sem eru með átta stig eða færri. Hermann reiknar með því að Grindavík, sem er nú í áttunda sætinu, muni komast í úrslitakeppnina en að FSu gæti með öflugri frammistöðu gert baráttuna um áttunda sætið afar áhugaverða.

„Stærsta spurningin í neðri hluta deildarinnar er FSu og hvort Selfyssingar ætli að hrista aðeins upp í botnbaráttunni. Ég spáði þeim áttunda sætinu fyrir mótið en eftir slæma byrjun í haust virtust þeir hafa misst trúna. Svo kom sigurleikurinn gegn Keflavík auk þess sem þeir náðu að standa í KR lengi vel á heimavelli. FSu er með fínan leikmannahóp sem gæti þess vegna rænt áttunda sætinu af einhverju hinna liðanna," segir Hermann sem reiknar með því að Grindavík muni bæta ráð sitt eftir slappa haustmánuði.

„Grindvíkingar hafa verið mjög lélegir og það er eitthvað mikið að hjá þeim. En nú hafa verið gerðar mannabreytingar og liðið mun vera að fá mjög sterkan Kana til sín. Það kemur í ljós hvort það reynist rétt en engu að síður tel ég að lykilmenn í liðinu séu of reyndir til að þeir missi af úrslitakeppninni. Grindavík er með sterkan heimavöll sem liðið á að verja betur en það hefur gert hingað til."

Hermann segir að ekkert geti bjargað stigalausu liði Hattar frá falli úr þessu. Snæfell sé með of þunnan leikmannahóp til að gera mörgum öðrum liðum skráveifu og að ÍR, sem hafi misst sinn besta mann til Njarðvíkur, muni fyrst og fremst hugsa um að klára tímabilið stórslysalaust.

Fimm leikir fara fram í deildinni í kvöld en umferðinni lýkur með viðureign KR og Stjörnunnar annað kvöld. Umferðin verður svo að venju gerð upp í Körfuboltakvöldi Domino's á Stöð 2 Sport klukkan 22.00 annað kvöld. **eirikur@frettabladid.is**

### Fá Kanarnir flugvélaveikina?

Njarðvík, Haukar og Grindavík hafa öll fengið nýjan Bandaríkjamann til liðsins og eru þeir allir „stórir" menn. Slíkir leikmenn geta verið gulls ígildi fyrir lið í íslensku deildinni eins og hefur margsýnt sig. En eins og Hermann bendir á líta menn oft betur út á „pappírnum" en raun verður á.

„Það hefur ansi oft gerst að erlendu leikmennirnir fá flugvélaveikina á leiðinni til Íslands," segir Hermann í léttum dúr. „Ef leikmennirnir sem Njarðvík og Haukar fá eru jafn góðir og sagan segir gætu bæði lið blandað sér í baráttuna á toppnum og fengið heimavallarrétt í úrslitakeppninni."

## Nýjast

### Vináttulandsleikur í handbolta

**Ísland - Portúgal 28-32**

**Mörk Íslands (Skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 7/4 (9/4), Aron Pálmarsson 6 (13), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (7), Vignir Svavarsson 4 (7), Róbert Gunnarsson 2 (3), Alexander Petersson 2 (5), Tandri Már Konráðsson 1 (1), Arnór Atlason 1 (2), Arnór Þór Gunnarsson 1 (4/1), Snorri Steinn Guðjónsson (2).
**Varin/víti (Skot):** Björgvin Páll Gústavsson 18 (49/2, 37%), Aron Rafn Eðvarðss. (1, 0%).
**Hraðaupphlaup:** 8 (Guðjón Valur 3, Vignir 3, Róbert 2).

**Íslenska landsliðið** fékk skell í fyrsta undirbúningsleik sínum fyrir EM en þ etta var eini heimaleikur liðsins fyrir mótið. Liðið mætir Þjóðverjum tvisvar um næstu helgi.

### Domino's-deild kvenna

**Valur - Snæfell 69-72**

**Stigahæstar:** Karisma Chapman 33/19 frák., Guðbjörg Sverrisdóttir 26, Hallveig Jónsdóttir 8 - Haiden Palmer 18/13 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 16, Bryndís Guðmundsdóttir 12, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9/8 frák. Alda Leif Jónsdóttir 7.

**Hamar - Haukar 48-90**

**Stigahæstar:** Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 21/12 frák. - Helena Sverrisdóttir 28/9 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, María Lind Sigurðardóttir 17, Sólrún Inga Gíslad. 14, Þóra Kristín Jónsdóttir 10/5 fráköst/5 stoðsendingar.

**ALLT Í BEINNI Í FYRSTA SINN**
Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hefst um næstu helgi og í fyrsta sinn verða allir leikir hennar sýndir beint á sportstöðvum Stöðvar 2. Wild-card helgin er fyrst á dagskrá og eru tveir leikir á bæði laugardag og sunnudag. Alls verða leikirnir tíu á þremur helgum þar til það kemur í ljós hvaða tvö lið mætast í Super Bowl 7. febrúar. Houston Texans og Kansas City Chiefs spila fyrst klukkan 21.40 á laugardag og strax á eftir leika Cincinnati Bengals og Pittsburgh Steelers. Á sunnudeginum mætast síðan Minnesota Vikings og Seattle Seahawks klukkan 18.05 og svo Washington Redskins og Green Bay Packers klukkan 21.40.

**BYRJA ÞÆR ÁRIÐ 2016 ALVEG EINS OG ÞÆR ENDUÐU 2015?**
Framkonur geta náð þriðja sætinu af Val þegar þær heimsækja þær í Valshöllina í kvöld í fyrsta leik Olís-deildar kvenna á árinu 2016 en leiknum var frestað fyrir áramót vegna þátttöku Fram í Evrópukeppni. Fram er stigi á eftir Val og Haukum sem eru í 3. og 4. sæti. Framkonur enduðu árið 2015 á því að tryggja sér deildarbikar kvenna með sigri á Val í úrslitaleik í Strandgötunni. Hvort lið Fram byrjar nýtt ár eins og liðið endaði 2015 kemur í ljós í kvöld en leikurinn hefst klukkan 18.00.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Keflavík - Þór Þorl. | Sport |
| 18.00 | Valur - Fram | Valshöllin |
| 18.30 | Höttur - Njarðvík | Egilsstaðir |
| 19.15 | Tindastóll - ÍR | Sauðárkrókur |
| 19.15 | Keflavík - Þór Þ. | Keflavík |
| 19.15 | Snæfell - Haukar | Stykkish. |
| 19.15 | Grindavík - FSu | Grindavík |
| 19.30 | Ísland - Portúgal | Kaplakriki |

# nettó

Markhönnun ehf

NETTÓ KJÚKLINGALEGGIR
VERÐ ÁÐUR 869 KR/KG
695 KR KG

NETTÓ KJÚKLINGUR 1/1
VERÐ ÁÐUR 849 KR/KG
747 KR KG

DANPO KJÚKLINGALUNDIR
700 G
VERÐ ÁÐUR 1.691 KR/PK
1.353 KR PK

FROSIÐ

ÝSUBITAR
ROÐ- & BEINLAUSIR
VERÐ ÁÐUR 1.698 KR/KG
1.392 KR KG

FROSIÐ

FAGFISK LAXAFLÖK
SNYRT
VERÐ ÁÐUR 1.949 KR/KG
1.754 KR KG

COOP PESTÓ - 190 G
GRÆNT/RAUTT
VERÐ ÁÐUR 329 KR/PK
279 KR PK

COOP PASTA SKRÚFUR
500 G - 3 LITIR
VERÐ ÁÐUR 199 KR/PK
169 KR PK

50% AFSLÁTTUR

BLÁBER - 125 G ASKJA
FRÁ CHILE
VERÐ ÁÐUR 549 KR/PK
275 KR PK

DIT VALG HAFRAMJÖL
1 KG - FÍNT/GRÓFT
VERÐ ÁÐUR 229 KR/PK
199 KR PK

COOP MÚSLÍ
BLANDAÐ/BLÁBERJA/
SÚKKULAÐI/TROPICAL
VERÐ ÁÐUR 598 KR/PK
538 KR PK

DALOON RÚLLUR - 600 G
M. KJÚKLING
M. KARRÍKJÚKLING
VERÐ ÁÐUR 637 KR/PK
497 KR PK

RISTORANTE - 26 CM
PIZZA SPECIALE,
PIZZA HAWAII,
PIZZA MOZZARELLA.
VERÐ ÁÐUR 499 KR/PK
449 KR PK

2 KG
699 KR PK

-21°C
499 KR PK

5 KG
399 KR PK

NÁTTÚRA FUGLAFÓÐUR
VERÐ ÁÐUR 789 KR/PK
HÁLKUSALT - 5 KG
VERÐ ÁÐUR 449 KR/PK
RÚÐUVÖKVI - 3 L
VERÐ ÁÐUR 589 KR/STK

COOP SYMFONI
GRÆNMETISBLANDA - 750 G
COOP BROKKOLÍ - 800 G
COOP BLÓMKÁL - 700 G
VERÐ ÁÐUR 389 KR/PK
299 KR PK

COOP BROKKOLÍBLANDA
750 G
VERÐ ÁÐUR 299 KR/PK
249 KR PK

TALENT ELDHÚSRÚLLUR
4 RÚLLUR
VERÐ ÁÐUR 298 KR/PK
259 KR PK

25% AFSLÁTTUR

COOP WC PAPPÍR
16 RÚLLUR
VERÐ ÁÐUR 1.198 KR/PK
899 KR PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 7. – 10. jan 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Merkisatburðir

**1730** Árni Magnússon handritasafnari og prófessor deyr, aðeins 66 ára gamall.

**1906** Ungmennafélag Akureyrar er stofnað, og er þar með fyrsta ungmennafélagið sem stofnað er hér á landi. Félagið beitir sér svo fyrir stofnun UMFÍ 1907.

**1927** Fyrsta símhringingin er hringd yfir Atlantshafið frá New York til London.

**1942** María Markan syngur hlutverk greifafrúarinnar í sýningu á Brúðkaupi Fígarós, í Metropolitan-óperunni í New York. Hún er þar með fyrsti Íslendingurinn sem kemur fram í aðalhlutverki í þessu leikhúsi.

# Byrjaði í golfinu níu ára

**Ólöf Þórunn Kristinsdóttir komst nýverið inn á Evrópumótaröðina í golfi sem hefst í febrúar. Hún stendur nú í ströngu við að fjármagna ferðalagið sem tekur heilt ár.**




Ólöf er ekki bara eldklár í golfinu, því hún er augljóslega listræn líka. Hægt er að panta myndir hjá henni inni á fésbókarsíðunni hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég byrjaði að vinna svona myndir um jólin 2014, þegar mig vantaði persónulegar gjafir fyrir bræður mína í jólagjöf. Þá tók ég málin í mínar hendur og gerði persónulegar myndir fyrir þá og tókst svona vel upp,“ segir atvinnukylfingurinn Ólafía sem hefur nú hafið framleiðslu á myndum sem ætlað er að styrkja hana í Evrópumótaröðinni í golfi sem hefst á Nýja-Sjálandi í febrúar. Um er að ræða myndir á striga þar sem hin ýmsu hvatningarorð þekja yfirborðið. „Ég valdi orð sem veita mér innblástur og ég gæti trúað að aðrir geti nýtt sér,“ útskýrir Ólafía, og viðurkennir að þessi orð eigi að einhverju leyti þátt í því góða gengi sem henni hefur hlotnast á golfvellinum og leitt hana þangað sem hún er nú komin.

„Ég átti nú ekkert endilega von á að fá svona góð viðbrögð, en á aðeins tveimur dögum hefur fjöldinn allur haft samband,“ segir hún sátt með sitt og vonar að sem flestir hafi samband við hana í gegnum fésbókarsíðuna hennar. Býður kylfingurinn þar upp á tvær stærðir og stillir verðinu í hóf, en margt smátt gerir einmitt eitt stórt.

„Ég fæ styrk frá Forskoti, þar sem nokkrir kylfingar eru valdir á hverju ári og styrk deilt á milli þeirra. Ég veit hins vegar að verkefnið mitt er það stórt að ég þarf á frekari aðstoð að halda, en samkvæmt fjárhagsáætluninni minni fyrir árið mun Evróputúrinn kosta mig fjórtán milljónir,“ útskýrir Ólafía og brosir. Hún segist ekki vita nákvæmlega hvað falli í hennar hlut frá Forskoti, en hún muni þurfa að leita allra ráða og því ætli hún sér að reyna að ná til fólks í gegnum listina. „Hvert mót kostar á bilinu fjögur hundruð til fimm hundruð þúsund krónur, svo þetta er fljótt að koma.“

Ólafía verður á stöðugu ferðalagi það sem eftir lifir ári, en hún mun meðal annars ferðast til Tyrklands, Kína, Dúbaí og mun fleiri staða. Spurð hvort hún sé ekki að lifa draum ansi margra skelli hún upp úr og segist viss um það, ekki hvað síst fjölskyldumeðlima, en öll fjölskyldan er á bólakafi í íþróttinni.

Ólafía segir þátttökuna í Evrópumótaröðinni sannkallaðan draum sem orðinn er að veruleika. „Ég hef spilað golf síðan ég var níu ára gömul og það var frábært að komast áfram í Marokkó í síðasta mánuði,“ bendir hún himinlifandi á, en hún er þriðji Íslendingurinn til að komast inn í mótaröðina, en þau Birgir Leifur Hafþórsson og Ólöf María Einarsdóttir hafa keppt á mótaröðinni.

„Það er töluvert síðan Íslendingur var með, en það er töluvert erfitt að komast að. Aðeins þrjátíu efstu komast inn, en í kringum eitt hundrað kylfingar reyna,“ bætir hún stolt við og vonast innilega eftir að sem flestir sjái sér fært að styðja við bakið á henni. **gudrun@frettabladid.is**

---



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Ólöf Ragnheiður Jónsdóttir**

áður til heimilis að Vogatungu 39, Kópavogi,

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 2. janúar. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MS-félag Íslands.

**Björgvin Sigurjónsson** — **Sædís Magnúsdóttir**
**Eðvarð F. Benediktsson** — **Auður Harðardóttir**
**Árný Benediktsdóttir** — **Örn Gústafsson**
**Guðmundur Benediktsson** — **Jenný Ásmundsdóttir**
**Sigrún Benediktsdóttir** — **Ingólfur Friðjónsson**
**Kristjón Benediktsson** — **Nanna Snorradóttir**
**Jóhann R. Benediktsson** — **Sigríður Guðmundsdóttir**

---



Ástkær sonur okkar, bróðir og barnabarn,

**Ole Nordman Brynjólfsson**

lést á heimili okkar 30. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Seljakirkju 11. janúar kl. 15.00.

**Brynjólfur Óskarsson** — **Selma Olsen**
**Björn Friðrik Brynjólfsson** — **Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir**
**Thelma Björk Brynjólfsdóttir** — **Said Lakhlifi**
**Óskar Brynjólfsson** — **Stella Sigurðardóttir**
**Guðni Karl Brynjólfsson** — **Stefanía Ellý Baldursdóttir**
**Finna Ellý Bottelet**

---



Yndislega konan mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Sigurborg Vésteinsdóttir**

bankastarfsmaður, Suðurlandsbraut 58, áður Máshólum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk aðfaranótt 30. desember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 8. janúar nk. kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarsjóð FAAS.

**Sveinn Viðar Jónsson**
**Elín Sveinsdóttir** — **Sigmundur Ernir Rúnarsson**
**Hrönn Sveinsdóttir** — **Bergsveinn Sampsted**
**Auður Ýr Sveinsdóttir** — **William S. Johnstone III**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristinn Jónas Steinsson**

byggingameistari, Valagili 3, Akureyri,

sem lést miðvikudaginn 30. desember, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.30.

**Auðbjörg María Sigursteinsdóttir**
**María G. Kristinsdóttir** — **Þorsteinn Óskarsson**
**Kristinn S. Kristinsson** — **Sigrún Jóhannesdóttir**
**Rannveig Kristinsdóttir** — **Reynir B. Eiríksson**
**Oddný S. Kristinsdóttir** — **Ólafur R. Ólafsson**
**Smári Kristinsson** — **Birna D. Þorláksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Auður Eiríksdóttir**

kennari,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 3. janúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 11. janúar kl. 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða.

**Elísabet Andrésdóttir** — **Erlendur Karlsson**
**Eiríkur H. Andrésson** — **Marianne Nygaard**
**Gunnar Andrésson**
**Valgerður Auður Andrésdóttir**
**Andrés Már, Linda Malín, Stefan, Sara, Thomas, Andrés og Elías Ármann**

---



Kæri fósturfaðir og bróðir,

**Sigursveinn Jóhannesson**

frá Gröf, Skaftártungu,

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum þann 30. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Grafarkirkju laugardaginn 9. janúar kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Velunnarasjóð Klausturhóla.

**Guðlaugur Smári Ármannsson**
**Páll Jóhannesson**
**og aðstandendur**

---



Bróðir minn,

**Jón S. Kristbergsson**

er látinn. Kveðjuathöfn fer fram í Fossvogskapellu mánudaginn 11. janúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Haukadal í Biskupstungum föstudaginn 15. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Reykjalund.

**Hrefna Kristbergsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðríður Matthíasdóttir**

frá Ísafirði, Sóltúni 28, Reykjavík,

lést á Landakoti mánudaginn 4. janúar 2016. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 12. janúar kl. 13.

**Erna Elísabet Jóhannsdóttir** — **Jón Rúnar Kristjónsson**
**Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir** — **Björn Olsen**
**Matthías Árni Jóhannsson** — **Guðrún Þórsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Kristjánsson**

Hrafnakletti 1, Borgarnesi,

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi, sunnudaginn 3. janúar.

**Jónína Kristín Eyvindsdóttir**
**Eyvindur S. Magnússon** — **Ólafía G. Sigurvinsdóttir**
**Kristján Á. Magnússon** — **Branddís M. Hauksdóttir**
**Magnús H. Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Yndislega móðir okkar, dóttir, systir, tengdamóðir og amma,

**Sigríður Kr. Brynjólfsdóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 29. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 13. janúar kl. 13.

**Valgerður Brynja Viðarsdóttir** — **Davíð Þór Björnsson**
**Pálmar Dan Einarsson**
**Ylfa Rán, Jakob Máni, Aþena Ýr**
**Valgerður Kristjánsdóttir og systkini**


ÚTSALA
PLASTBOX
30%
AFSLÁTTUR
PRJÓNAGARN
25-50%
AFSLÁTTUR
INNILEIKFÖNG
30%
AFSLÁTTUR
KÄRCHER
HÁÞRÝSTIDÆLUR
20%
AFSLÁTTUR
BÚSÁHÖLD
25%
AFSLÁTTUR
FERÐATÖSKUR
25%
AFSLÁTTUR
LJÓS
25%
AFSLÁTTUR
VERKFÆRABOX
30%
AFSLÁTTUR
JÓLAVÖRUR
30-60%
AFSLÁTTUR
JÁRNHILLUR
40%
AFSLÁTTUR
SADOLIN
OG PINOTEX
25%
AFSLÁTTUR
BLÁR EINHELL
25-35%
AFSLÁTTUR
CAT VINNUSOKKAR
25%
AFSLÁTTUR
FJÖLDI ANNARRA VARA Á LÆKKUÐU VERÐI
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Austanátt í dag, víða hvassviðri eða stormur. Vætusamt á Suður- og Suðausturlandi, slydda eða snjókoma norðaustan til á landinu en úrkomulítið annars staðar. Hiti 1 til 7 stig, en um frostmark norðaustanlands.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -1° | -2° |
| ← 15 | ← 17 | ← 11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 1° | -4° |
| ← 11 | ← 16 | ← 18 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -3° | -7° |
| ← 11 | ← 9 | ← 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -1° | -7° |
| ↙ 8 | ↙ 10 | ← 11 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. teikniblek
6. í röð
8. verkur
9. uppistaða
11. nafnorð
12. rithöfundur
14. hlusta
16. skóli
17. kjaftur
18. tímabil
20. skóli
21. staðarnafn

**LÓÐRÉTT**
1. líkamshluti
3. stefna
4. sandgrynning
5. sjáðu
7. reikningshald
10. holufiskur
13. hluti kynfæra
15. þefja
16. skammst.
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** áb, **8.** tak, **9.** lón, **11.** no, **12.** skáld, **14.** hlera, **16.** ma, **17.** gin, **18.** öld, **20.** fg, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** út, **4.** sandrif, **5.** sko, **7.** bókhald, **10.** nál, **13.** leg, **15.** anga, **16.** möo, **19.** dd.

### Skák Gunnar Björnsson

Svartur lumar á nettri brellu sem tryggir honum unnið tafl.

**Svartur á leik**

**1. … Df3!!** Hvítur tapar nú biskupnum á d3 þar sem **2. gxf3 Rxf3+ 3. Kf1 Bh3#** leiðir til máts. Önnur umferð Skákþings Reykjavíkur fór fram í gærkveldi.

**www.skak.is:** Allt um gang Skákþingsins.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 3 | 8 | | | 1 |
| | 7 | 4 | 9 | | | | | 3 |
| | 5 | | 4 | | | | 8 | |
| 5 | | 1 | | | 9 | | | 8 |
| | | | | 4 | | 9 | 7 | |
| 3 | | | 8 | | 2 | 6 | | |
| 4 | | | | 9 | | 5 | 3 | |
| | | | | | | | | |
| 9 | 2 | 5 | 3 | | 1 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 9 | 2 | | | 4 | | |
| | | 1 | | | 5 | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 6 | 3 | | 8 |
| 1 | | | | 3 | 2 | | 7 | |
| | | 6 | 1 | 5 | | 2 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |
| | | 5 | | | 3 | | 8 | |
| 8 | 6 | | | 9 | | | | |
| | | | | | | 7 | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | 3 | | |
| | 1 | 8 | | | | | 7 | |
| 6 | | 3 | | 4 | 8 | 9 | | |
| | 3 | | 8 | 5 | 2 | | | |
| | 5 | | | 9 | | | 1 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | | | 2 | | 5 | 7 | | |
| | | 1 | | 3 | | 8 | 4 | |
| | 7 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365

# STÓRÚTSALA

# ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR !

## YFIR 1.000 TÖLVUVÖRUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • SSD • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR
TÓNERHYLKI • VIFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR

**SÝNISEINTÖK OG LAGFÆRÐAR FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI !**

**BYRJAÐU 2016 MEÐ AFSLÁTTARVEISLU Á TÖLVUVÖRUM !**

**OPIÐ 10 - 18**

NÁNAR UM ALLAR
WWW.TL.IS
ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is
TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING



Mireya og Noor Ibrahim frá Indónesíu í Áhaldahúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fuglsblundur tekinn milli fjögur og sex

